



UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN AKUREYRARBÆJAR

2025-2030



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

109798-SKY-000-V01

SKÝRSLUNÚMER / SÍÐUFJÖLDI

98

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Arwa Alfadhli/Guðríður Friðriksdóttir

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Berglind Hallgrímsdóttir

LYKILORÐ

Umferðaröryggisáætlun, umferðaröryggi, umferðarhraði, umferðarslys, hraðatakmarkandi aðgerðir, óvarðir vegfarendur

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Í vinnslu
☐ Drög til yfirlestrar
☒ Lokið

DREIFING

- ☒ Opin
☐ Dreifing með leyfi verkkaupa
☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Umferðaröryggisáætlun Akureyrarbæjar 2025-2030

VERKHEITI

Umferðaröryggisáætlun Akureyrarbæjar

VERKKAUPI

Akureyrarbær

HÖFUNDUR

Berglind Hallgrímsdóttir, Arna Kristjánsdóttir, Margrét Róbertsdóttir

ÚTDRÁTTUR

Skýrsla um umferðaröryggisáætlun Akureyrarbæjar. Farið yfir stöðumat sveitarfélagsins og greiningarvinnu sem liggur fyrir. Var þar á meðal skoðaður umferðarhraði, umferðarslys og fleira. Óvarðir vegfarendur, skólar og gönguleiðir skólabarna var fjallað sérstaklega um. Komið var að markmiðum og áhersluatriðum í umferðaröryggisáætluninni ásamt framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna.

ÚTGÁFUSAGA

HÖFUNDUR

DAGS.

Berglind Hallgrímsdóttir
Arna Kristjánsdóttir
Margrét Róbertsdóttir

10.05.2025

RÝNT

DAGS.

Arwa Alfadhli
Jónas Valdimarsson.

01.06.25

SAMÞYKKT

DAGS.

Berglind Hallgrímsdóttir

22.06.25

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	11
1.1	Framkvæmd og samráð	11
1.2	Umferðaröryggismarkmið stjórnvalda	12
2	STÖÐUMAT OG GREININGARVINNA	14
2.1	Slysagreining	14
2.2	Þróun íbúafjölda	15
2.3	Þróun umferðarslysa	15
2.3.1	Þróun slysa milli 2014-2023	16
2.4	Þróun og staðsetning umferðarslysa 2019-2023	18
2.4.1	Slysatíðni og slysakostnaður	22
3	ÓVARÐIR VEGFARENDUR	25
3.1	Staðsetning slysa 2019 – 2023	25
3.2	Tegund slysa meðal óvarinna vegfarenda	27
3.3	Hraði í slysum við óvarða vegfarendur, þveranir og hraðatakmarkandi aðgerðir	29
3.4	Umferðaröryggi barna sem óvarðir vegfarendur	32
3.4.1	Ferðavenjur – allir skólar	34
3.4.2	Brekkuskóli	35
3.4.3	Giljaskóli	35
3.4.4	Glerárskóli	37
3.4.5	Hríseyjarskóli	38
3.4.6	Hlíðarskóli	38
3.4.7	Lundarskóli	39
3.4.8	Naustaskóli	40
3.4.9	Oddeyrarskóli	41
3.4.10	Síðuskóli	43
3.5	Umferðaröryggi eldra fólks sem óvarðir vegfarendur	44
3.6	Umferðaröryggi hjólandi	45
3.7	Umferðaröryggi hestafólks	47
3.8	Umferðaröryggi rafhlaupahjóla, vespa og skúta	48
3.9	Almenningssamgöngur	49
3.10	Samantekt um óvarða vegfarendur	51
4	AKANDI VEGFARENDUR	53
4.1	Þjóðvegir - vegir Vegagerðarinnar	53
4.2	Innanbæjargötur	56
4.2.1	Akureyrarbær	56
4.2.2	Aðrir þéttbýliskjarnar	57
4.2.3	Gatnamót	58
4.2.4	Umferðarhraði / Hraðatakmarkandi aðgerðir	60
4.2.5	Æskilegur hraði á innanbæjargötum	64
4.2.6	Auglýsingaskilti við vegi	65
5	ÍBÚASAMRÁÐ	67

6	FRÆÐSLA OG HVATNING	69
6.1	Leikskólar	69
6.2	Grunnskólar	70
6.3	Aðrar menntastofnanir	70
6.4	Íbúar	73
6.5	Samantekt fræðsla og hvatning	73
7	MARKMIÐ OG ÁHERSLUATRÍÐI	74
8	FRAMKVÆMDAÁÆTLUN OG FORGANGSVERKEFNI	75
8.1	Forgangsverkefni	75
8.1.1	Óvarðir vegfarendur	75
8.1.2	Innanbæjargötur	77
8.1.3	Þjóðvegir	78
8.1.4	Almenningssamgöngur	78
8.1.5	Fræðsla og hvatning	79
8.2	Vísar og eftirfylgni	80
8.2.1	Vísar	80
8.2.2	Önnur eftirfylgni	81
9	LOKAORÐ	82
	HEIMILDASKRÁ	83
	VIÐAUKI A – AÐGERÐIR Í ÖÐRUM TIL FJÓRÐA FORGANGI	87
	VIÐAUKI B - FUNDARGERÐIR FRÁ FUNDUM SAMRÁÐSHÓPS	98

MYNDASKRÁ

MYND 1	Þróun í fjölda íbúa Akureyrarbæjar frá janúar 2014 til lok árs 2023.	15
MYND 2	Þróun íbúafjölda (y-ás til hægri) og fjölda slysa (y-ás til vinstri) eftir alvarleika á Akureyri frá árinu 2014-2023 (x-ás).	16
MYND 3	Fimm ára meðaltal í fjölda slysa á hvern 1.000 íbúa á Akureyri eftir alvarleika slysanna. Bláa línan notast við y-ásinn hægra megin við grafið.	17
MYND 4	Þróun í fjölda slysa með meiðslum á Akureyri 2014-2023, eftir tegund slysa.	18
MYND 5	Fjöldi slysa og óhappa á Akureyri 2019-2023.	19
MYND 6	Alvarleiki slysa og staðsetning þeirra innan þéttbýlis Akureyrarbæjar.	20
MYND 7	Hlutfall alvarleika eftir vegfarendahópum í slysum á Akureyri 2019-2023.	21
MYND 8	Tegund slysa í þéttbýli Akureyrarbæjar. Stærð hringja táknar alvarleika slysanna.	22
MYND 9	Hitakort vegið út frá slysakostnaði slysa á Akureyri fyrir árin, 2019-2023.	24
MYND 10	Slys á meðal óvarinna vegfarenda í þéttbýli Akureyrar.	26
MYND 11	Fjöldi slysa meðal óvarinna vegfarenda eftir tegund þeirra og alvarleika. Á myndinni táknar kross banaslys og vespur tákna hversu mörg slysanna voru slys á rafhlaupahjólum.	27
MYND 12	Slasaðir óvarðir vegfarendur eftir aldri og vegfaranda.	28
MYND 13	Staðsetning slysa meðal óvarinna vegfarenda, eftir aldri.	28
MYND 14	Alvarleiki áverka eftir aldri gangandi vegfarenda sem ekið var á miðað við mældan meðalhraða á árekstrarstað [10].	30
MYND 15	Lendingarhraði í samanburði við fallhæð. Byggt á gögnum frá Trafikverket.	30
MYND 16	Hlutfall ferðamáta skólabarna í 3., 6. og 9. bekk í þeim grunnskólum Akureyrarbæjar sem tóku þátt í könnunni. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrir valinu (til hægri).	34
MYND 17	Gönguleiðir skólabarna á Akureyri. Gögn unnin upp úr upplýsingum um gönguleiðir frá skólabörnum í 3., 6., og 9. bekk. Sýnt er hlutfall ferðamáta allra skólanna miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt til skóla.	35
MYND 18	Hlutfall ferðamáta skólabarna í 3., 6. og 9. bekk í Giljaskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri).	36
MYND 19	Gönguleiðir skólabarna í Giljaskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt.	37
MYND 20	Hlutfall ferðamáta skólabarna í 3., 6. og 9. bekk í Glerárskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri).	37
MYND 21	Gönguleiðir skólabarna í Giljaskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt.	38
MYND 22	Hlutfall ferðamáta skólabarna í 3. og 9. bekk í Lundarskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri).	39
MYND 23	Gönguleiðir skólabarna í Lundarskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt.	40
MYND 24	Hlutfall ferðamáta skólabarna í 3. og 9. bekk í Naustaskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri).	40
MYND 25	Gönguleiðir skólabarna í Naustaskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt Oddeyrarskóli.	41
MYND 26	Hlutfall ferðamáta skólabarna í 6. bekk í Oddeyrarskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri).	42

MYND 27 Gönguleiðir skólabarna í Oddeyrarskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt. _____	42
MYND 28 Hlutfall ferðamáta skólabarna í 6. bekk í Síðuskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri). _____	43
MYND 29 Gönguleiðir nemenda í Síðuskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt _____	44
MYND 30 Stígakerfi Akureyrar þar sem stofnstígar og tengistígar koma fram. _____	46
MYND 316 Leiðarkerfi innanbæjarleiða á Akureyri, [32], ásamt leiðakerfi fyrir landsbyggðarstrætó [33]. 50	
MYND 32 Slasaðir öikumenn og farþegar í bílslysum á Akureyri 2019-2023. _____	53
MYND 33 Staðsetning bílslysa á Vegagerðarvegum innan Akureyrar, á árunum 2019-2023. _____	54
MYND 34 Svæði á miðeyju hringtorga þar sem t.d. má setja gróður eða annað sem uppfyllir kröfur um öryggissvæði vega [35]. _____	55
MYND 35 Tegund slysa eftir alvarleika á Vegagerðarvegum á Akureyri á árunum 2019-2023. _____	55
MYND 36 Tegund bílslysa á vegum Vegagerðarinnar á árunum 2019-2023. _____	56
MYND 37 Tegund bílslysa eftir alvarleika á götum Akureyrarbæjar á árunum 2019-2023. _____	57
MYND 38 Slysi í Hrísey (til vinstri) og Grímsey (til hægri) á fimm ára tímabili. Tvö alvarleg slys áttu sér stað og bæði vegna útafaksturs. _____	58
MYND 39 Myndin til vinstri sýnir við hvaða umferðarmagn getur verið æskilegt að setja ljósaðstýringu við gatnamót [38] og myndin til hægri sýnir við hvaða umferðarmagn getur verið æskilegt að hafa vinstri beygju vasa [39]. _____	59
MYND 40 Fjöldi bágapunkta í einföldu hringtorgi (til vinstri), tvöföldu hringtorgi (miðja) og X-gatnamótum (hægri) [35]. _____	60
MYND 41 Leyfilegur hámarkshraði gatna og vega á Akureyri. _____	61
MYND 42 Götukaflar þar sem 85% hraði er hærri en viðmiðunarhraði, það er a.m.k. 5 km/klst. hærri en leyfilegur hámarkshraði. _____	62
MYND 43 Æskilegar hraðatakmarkandi aðgerðir á leiðum almenningsvagna [11]. _____	63
MYND 44 Athugasemdir íbúa Akureyrarbæjar um umferðaröryggi. Staðsetning og flokkar. _____	68
MYND 45 Öikumenn og farþegar sem eiga það til að sleppa því að notast við bílbelti eftir aldursflokkum. _____	71
MYND 46 Viðhorf fólks til þess að aka yfir leyfilegum hámarkshraða innanbæjar undanfarið ár. _____	72
MYND 47 Niðurstöður könnunar um hversu ásættanlegt fólki finnst að aka eftir að hafa smakkað áfengi (vinstri) og að eiga við símann sinn á meðan á akstri stendur (hægri). _____	72
MYND 48 Forgangsverkefni í umferðaröryggisáætlun Akureyrarbæjar 2025-2030. _____	79
MYND 49 Aðgerðir í öðrum til fjórða forgangi á Akureyri _____	96
MYND 50 Aðgerðir í öðrum til fjórða forgangi – Grímsey og Hrísey. _____	97

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1 Fjöldi slysa eftir tegund og alvarleika á Akureyri 2019-2023. _____	20
TAFLA 2 Verðlag fyrir kostnað umferðarslysa í milljónum krónum fyrir árið 2023. Kostnaður var aukinn í samræmi við verðlagsbreytingar frá 2013-2023 [5]. _____	23
TAFLA 3 Ferðamáti skólabarna á Akureyri eftir árgöngum. _____	34
TAFLA 4 Æskileg fjarlægð milli tenginga í skipulagi auk m.t.t. hraða og gerð götu/gatnamóta. _____	60

TAFLA 5	Æskileg fjarlægð milli hraðatakmarkandi aðgerða með tilliti til leyfilegs hámarkshraða _____	63
TAFLA 6	Viðmið um leyfilegan hámarkshraða í götu eftir einkenni byggðar [44]. _____	64
TAFLA 7	Öll atriði sem bárust í íbúasamráði Akureyrarbæjar varðandi umferðaröryggi, desember árið 2024. _____	68
TAFLA 8	Umferðaröryggis vísar til að mæla árangur umferðaröryggisáætlunar og meta hvort markmiðum hafi verið náð. _____	80

1 INNGANGUR

Á hverju ári á Íslandi slasast hundraðir einstaklinga á Íslandi í umferðarslysum og þar af einhverjir sem látast eða slasast alvarlega. Unnt er að sporna við umferðarslysum á ýmsa vegu en til að ná góðum árangri er mikilvægt að skilja vandamál til að geta fyrirbyggt slysin. Við slíka vinnu er lögð áhersla á það að koma í veg fyrir slys og að milda afleiðingar þeirra þegar þau gerast.

Í umferðaröryggisáætlun eru markmið sveitarfélagsins til umferðaröryggismála næstu fimm ára staðfest, helstu vandamál greind og settar fram aðferðir og aðgerðir til þess að milda áhrif eða koma í veg fyrir áframhaldandi slys. Með umferðaröryggisáætlun getur vinna sveitarfélagsins orðið markvissari með aðstoða við ákvörðunartöku og forgangsröðun aðgerða.

EFLA vann umferðaröryggisáætlun fyrir Akureyrarbæ en markmið umferðaröryggisáætlunarinnar er að:

- Greina stöðu samgöngumála og umferðaröryggis og hvaða vandamál bærinn stendur frammi fyrir.
- Skoða orsakir og umfang slysa og skapa grunn að aðgerðaáætlun.
- Búa til aðgerðaráætlun sem er liður í því að bæta flæði og aðgengi allra fararmáta, fækka slysum og auka lífsgæði bæjarbúa sem og annarra sem ferðast um bæinn.

1.1 Framkvæmd og samráð

Verkefnisstjóri fyrir hönd Akureyrarbæjar er Arwa Alfadhli og verkefnisstjóri fyrir hönd EFLU var Berglind Hallgrímsdóttir.

Í nóvember 2024 auglýsti Akureyrarbær á heimasíðu sinni eftir ábendingum frá íbúum um hvernig bæta mætti umferðaröryggi í sveitarfélaginu. Þann 4. desember 2024 var haldinn fyrsti samráðsfundur með samráðshóp þar sem farið var yfir fyrstu drög að slysaþreiningu og ábendingar fengnar frá samráðsaðilum.

Haldnir voru tveir samráðsfundir með fulltrúum Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Lögreglunni o.fl. Á fundinum voru eftirfarandi aðilar boðaðir:

- Fulltrúar frá Akureyrarbær

- Vegagerðin/almenningsvegagöngur
- Samgöngustofa
- Lögreglan
- Fulltrúi leiksólastarfs
- Fulltrúi foreldra
- Fulltrúi framhaldsskólastarfs
- Fulltrúi lýðheilsamála, fulltrúi íþróttastarfs
- Fulltrúi eldri borgara
- Fulltrúi ungmennaráðs
- Ráðgjafar frá EFLA
- O.fl.

Þann 20. júní 2025 var síðari samráðshópur haldinn þar sem farið var yfir áætlunina og í kjölfarið var áætlunin send til yfirlstrar til sveitarfélagsins. Áætlunin var samþykkt og staðfest í bæjarstjórn þann 09. júlí 2025.

1.2 Umferðaröryggismarkmið stjórnvalda

Stjórnvöld á Íslandi setja sér áherslur í umferðaröryggismálum og í nýrri umferðaröryggisáætlun Íslands 2024-2038 eru yfirmarkmið þeirra að:

- Ísland verði í hópi fimm bestu Evrópuþjóða hvað varðar fjölda látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa
- Látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2038
- Slysakostnaður á hvern einn km. lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2038.

Undirmarkmið umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda eru að [1] :

- Engin börn, 14 ára og yngri, látist í umferðinni.
- Ekki verði banaslys sem rekja má til vanrækslu á notkun öryggisbelta.
- Alvarlegum slysum og banaslysum vegna ölvunar- og fíkniefnaaksturs fækki árlega um 5%.
- Ungum ökumönnum, 17–20 ára, sem eiga aðild að alvarlegum slysum og banaslysum fækki árlega um 5%.
- Eldri ökumönnum, 70 ára og eldri, sem eiga aðild að alvarlegum slysum og banaslysum fækki árlega um 5%.
- Alvarlega slösuðum og látnum á bifhjóli fækki árlega um 5%.
- Alvarlega slösuðum og látnum gangandi vegfarendum fækki árlega um 5%.
- Alvarlega slösuðum og látnum vegfarendum á hjóli eða á rafhjólum fækki árlega um 5%.
- Alvarlega slösuðum og látnum erlendum ríkisborgurum búsettum á Íslandi fækki árlega um 5%.

- Alvarlega slösuðum og látnum erlendum ferðamönnum á hverja 100.000 erlenda ferðamenn fækki árlega um 5%.
- Alvarlegum slysum og banaslysum vegna útafaksturs fækki árlega um 5%.
- Alvarlegum slysum og banaslysum vegna framanákeyrsla fækki árlega um 5%.

Bætt öryggi í sveitarfélaginu er mikilvægur þáttur í að ná markmiðum stjórnvalda um bætt umferðaröryggi í landinu. Því er mikilvægt að markmið umferðaröryggisáætlunar Akureyrarbæjar stuðli að því að ná þeim markmiðum sem að Ísland hefur sett sér í umferðaröryggismálum.

2 STÖÐUMAT OG GREININGARVINNA

Grundvallarhugsun Núllsýnarinnar er sú að samgöngukerfið sé byggt upp þannig að afleiðingar mistaka séu lágmarkaðar [3]. Því segir í umferðaröryggisáætlun Íslands að við skipulag, hönnun og gerð umferðarmannvirkja eigi að taka mið af því að mannleg mistök eru óhjákvæmileg [1]. Til að ná þessum markmiðum er því mikilvægt að aðgerðir miði bæði að því að milda afleiðingar slysa og einnig að koma í veg fyrir slysin áður en þau gerast. Til að fækka alvarlegum/banaslysum og slysum með litlum meiðslum er þróun í fjölda slysa og staðsetning þeirra mikilvægur þáttur í að vita hvar sé best að einbeita sér að og hvernig.

2.1 Slysagreining

Öll greiningarvinna byggir á skráðum slysum

Akureyrarbæjar frá árinu 2014-2023 úr

umferðarslysaskráningu Samgöngustofu.

Vert er að benda á umferðarslysaskráningin byggir á gögnum frá Lögreglunni. Frá árinu 2009 hefur auk þess verið stuðst við gögn frá Aðstoð og öryggi [2]. Vegna þessa sýna rannsóknir á umferðarslysum að einhver vanskraðing er á þeim sem slasast í umferðinni. Sérstaklega má gera ráð fyrir að mikil vanskraðing sé í slysum þar sem ökutæki á ekki þátt í slysinu [2], eins og fallslys hjólríðafólks, árekstrar milli hjólandi og gangandi eða fallslys gangandi vegfarenda.

SKILGREINING SLYSA [2]

Umferðarslys: Öll tilvik í umferðinni, hvort sem meiðsl hafa orðið á fólki eða ekki. Umferðarslys skiptast í eignartjón og slys með meiðslum.

Banaslys: Einstaklingur telst látinn af völdum umferðarslyss ef hán deyr af afleiðingum þess innan 30 daga.

Alvarlegt slys / Meiriháttar meiðsl: Beinbrot, heilahristingur, innvortis meiðsl, kramin líffæri, alvarlegir skurðir og rifnir vefir, alvarlegt lost (taugaáfall) sem þarfnast lækni meðferðar og sérhver önnur alvarleg meiðsl sem hafa í för með sér nauðsynlega dvöl á sjúkrahúsi.


Slys með litlum meiðslum / Minniháttar meiðsl: Annars flokks meiðsl, svo sem tognun, liðskekkt eða mar. Fólk sem kvartar um lost (taugaáfall) en hefur ekki orðið fyrir öðrum meiðslum, ber ekki að telja nema það hafi greinileg einkenni losts (taugaáfalls) og hafi hlotið lækni meðferð samkvæmt því.

Óhapp / Án meiðsla: Atvik í umferðinni þar sem ekki eru meiðsl á fólki – eignartjón.

Almennt er umferðarslysum skipt í fjóra flokka; banaslys, alvarleg slys, slys með litlum meiðslum og óhöpp án meiðsla (eignartjón). Slys án meiðsla eru þó ekki forgangsatriði þegar kemur að umferðaröryggi, en geta gefið góðar vísbendingar um það hvar séu vandamál. Eins og segir í umferðaröryggisáætlun Íslands „*Banaslys og alvarleg slys í umferðinni eru óásættanleg. Mannslíf og heilsa skulu vera í öndvegi og skal öryggi vera framar í forgangs röðun en ferðatími, þægindi eða önnur markmið framkvæmda og aðgerða í umferðarmálum*“ [1, bls. 1] .

2.2 Þróun íbúafjölda

Þegar horft er til þróunar umferðarslysa er mikilvægt að horfa samhliða því á þróun íbúafjölda í sveitarfélaginu. Tölur frá Hagstofu Íslands sýna að frá árinu 2014 hefur íbúafjöldi í sveitarfélaginu aukist frá 17.700 í 19.300 íbúa. Þetta samsvarar rúmlega 9% aukningu íbúafjölda sveitarfélagsins. Þróunina má sjá á mynd 1.



MYND 1 Þróun í fjölda íbúa Akureyrarbæjar frá janúar 2014 til lok árs 2023.

2.3 Þróun umferðarslysa

Gögn frá árunum 2014-2023 voru nýtt til þess að skoða þróun í fjölda slysa og alvarleika þeirra. Hvað varðar staðsetningu slysa, þá er almennt séð mælt með að ekki horfa til lengri tíma en fimm ára, þar sem umhverfið getur breyst mikið á lengri tíma. Því er staðsetning slysa skoðuð til fimm ára, milli 2019-2023.

Mikilvægt er að nefna að eftir árið 2013 var sett af stað sérstakt átak í að fylgjast með og skrásetja betur einslys hjólríðamanna, þ.e. slys með hjólríðamönnum án aðkomu ökutækis. Þetta tvennt getur haft áhrif á þróun slysa milli ára. Einnig er mikilvægt að minnast á það að banaslys eru tiltölulega fá í samræmi við önnur slys. Til að þau hverfi ekki í samanburði við önnur slys í greiningarvinnunni, eru banaslys og alvarleg slys flokkuð í einn flokk.


2.3.1 Þróun slysa milli 2014-2023

Á tímabilinu 2014-2023 urðu samtals 2.423 slys og óhöpp innan Akureyrarbæjar. Þar af voru um 85 alvarleg/banaslys (þar af eitt banaslys árið 2022), 347 með litlum meiðslum og 1.991 óhöpp. Þróun í fjölda slysa og óhappa milli 2014-2023 á Akureyri bendir til þess að þau hafi verið um 250 árið 2014 en

farið fjölgandi og eru í dag í rúmlega 300. Þá fór þeim fækkandi á árunum 2019-2022 en erfitt er að horfa til þeirra ára með tilliti til Covid. Þá má einnig nefna að árið 2019 var eitt af þeim betri á landsvísu, hvað umferðaröryggi varðar.

Mynd 2 sýnir þróun umferðarslysa og þróun í íbúafjölda á Akureyri á árunum 2014-2023. Myndin sýnir að fjöldi slysa virðist aukast í takt við íbúafjölda en hvað umferðaröryggi og núllsýn varðar er áherslan lögð á að fækka slysum, óháð


aukningu í umferð- og fólksfjölda. Á myndinni er búið að skyggja tölur fyrir árin 2020-2022 vegna áhrifa heimsfaraldursins en sömu þróun má sjá á landsvísu, þ.e. fækkun slysa og óhappa á þeim tíma.



MYND 2 Þróun íbúafjölda (y-ás til hægri) og fjölda slysa (y-ás til vinstri) eftir alvarleika á Akureyri frá árinu 2014-2023 (x-ás).

Líkt og hægt er að sjá á myndinni er meirihluti slysa án meiðsla og lítill hluti þeirra eru meiriháttar slys. Slys og óhöpp eru handhófskennd og fjöldi slysa getur breyst mikið milli ára og því getur verið erfitt er að sjá hver þróun hefur orðið í fjölda þeirra. Til að draga fram þessa þróun var notast við 5 ára meðaltal til þess að draga betur fram þróun í fjölda slysa og draga úr vægi skammtímasveifla. Mynd 3


sýnir 5 ára meðaltal í fjölda slysa á hvern 1.000 íbúa milli 2014 – 2023. Eins og sést á myndinni eru slysin fá og því erfitt að draga miklar ályktanir frá þeim. Engu að síður benda niðurstöður til þess að fjöldi slysa og óhappa hafi farið fækkandi en gæti verið aftur á uppleið eftir Covid.



MYND 3 Fimm ára meðaltal í fjölda slysa á hvern 1.000 íbúa á Akureyri eftir alvarleika slysanna. Bláa línan notast við y-ásinn hægra megin við grafið.

Flest slysanna eru þar sem ekið er á kyrrstætt ökutæki eða fastan hlut en meiri hluti slíkra slysa á sér stað á bílastæðum. Þá má sjá að einslys eru einnig nokkuð algeng en þau slys og óhöpp sem fjölgaði hvað mest á tímabilinu voru slys með gangandi og hjólandi vegfarendum (óvörðum) (sjá Mynd 4).

Sú þróun er ekki óeðlileg með tilliti til átaks í að skrásetja betur einslys hjólandi vegfarenda en einnig með tilliti til breyttra ferðavenja og fleiri gangandi og hjólandi vegfarenda.



MYND 4 Þróun í fjölda slysa með meiðslum á Akureyri 2014-2023, eftir tegund slysa.


2.4 Þróun og staðsetning umferðarslysa 2019-2023

Þegar unnið er með staðsetningu slysa þarf að hafa hugfast að slysin gera ekki boð á undan sér. Þau geta gerst hvar og hvenær sem er. Staðsetning slysa er hendingarháð og litlar líkur eru á að slys gerist oft á sama stað. Hins vegar þarf einnig að hafa í huga að slysgreining getur gefið til kynna landlæg vandamál sem þarf að lagfæra, ekki eingöngu á þeim stað þar sem þau verða heldur einnig almennt. Einnig geta slysgreiningar gefið upplýsingar um svokallaða svartbletti; innviði þar sem mörg slys af sama toga eða við sömu aðstæður hafa átt sér stað og slysatíðni er hærri en meðalslysatíðni slíkra innviða [3].

Þar sem umferðarslys eru hendingarháð þarf að hafa hugfast fjölmargar tölfræðigildir sem geta haft áhrif á slysgreiningar. Ef aðstæður eru annars þær sömu, þá eru t.d. vegir með herra umferðarmagn alla jafna með lægri slysaþættu en vegir þar sem umferðarmagn er minna, þ.e. slysatíðni þeirra er lægri. Þá er mikilvægt að hafa í huga það sem kallast aðhverf til meðaltalsins (e. regression to the mean), þ.e. að ef litið er til lengri tíma þá hafa hendingarháðir atburðir tilhneigingu til að nálgast meðaltalsgildi sitt. Þannig geta óvenjulega mörg eða fá slys yfir styttra tímabil verið tilviljun frekar en mynstur og það mynstur sést ekki þegar litið er til lengra tímabils, þó að allt annað, s.s. innviðir haldist óbreyttir.


Með tilliti til þessa er ekki talið æskilegt að horfa til staðsetningar slysa fyrir lengra tímabil en 3-5 ár þar sem margt getur breyst í umhverfinu og eins í hegðun yfir lengri tíma.

Alls urðu 1.154 umferðarslys í sveitarfélaginu á þeim tíma, sjá þróun slysa á mynd 5. Lang flest umferðarslys voru óhöpp án meiðsla (eignartjón) eða 940 talsins. Fjöldi slysa með meiðslum voru 214 og þar af 163 með litlum meiðslum og 51 alvarleg/banaslys.



MYND 5 Fjöldi slysa og óhappa á Akureyri 2019-2023.

Mynd 6 sýnir staðsetningu slysa á Akureyri 2019-2023 eftir alvarleika.




MYND 6 Alvarleiki slysa og staðsetning þeirra innan þéttbýlis Akureyrarbæjar.

Mynd 7 og Tafla 1 sýna slys eftir tegund á Akureyri 2019-2023. Á fimm ára tímabilinu sem er til skoðunar voru flest slysin þar sem ekið er á kyrrstætt ökutæki eða hlut á akbraut, eða 353 af 1.154 slysum og óhöppum (31%). Af þeim eru nánast öll án meiðsla eða 351 af 353. Ef tekið er mið af meiðslum þá má sjá að hlutfallslega flest slys með meiðslum eru á meðal gangandi og hjólandi vegfarenda eða 94 af 214 (44%).

TAFLA 1 Fjöldi slysa eftir tegund og alvarleika á Akureyri 2019-2023.

	ALVARLEG/BANASLYS	LÍTIL MEIÐSLI	ÓHAPP
Einn aðili ¹	8	32	201
Ökutæki á leið í sömu átt	0	23	136
Ökutæki á leið í gagnstæða átt	3	20	116
Ökutæki í gatnamótum	4	28	107
Ekið á kyrrstætt ökutæki	1	1	351
Slys á gangandi eða hjólandi	35	59	29
Samtals	51	163	940


¹ Slys þar sem er einn aðili/ökutæki– eða einslys – eru til dæmis slys þar sem ekið er út af vegi, fall af bifhjólí, ekið fram af bryggju, ökutæki veltur, bifreið rennur, ekið á dýr á akbraut, ekið á vegrið eða umferðarmerki o.s.frv.



MYND 7 Hlutfall alvarleika eftir vegfarendahópum í slysum á Akureyri 2019-2023.

Ef einungis er horft á alvarleg/banaslys urðu 35 af 51 slyssanna á gangandi og hjólandi vegfarendum (69 %). Myndin gefur til kynna að gangandi og hjólandi eru í hlutfallslega mun meiri hættu á að slasast í umferðarslysum en akandi vegfarendur. Myndin getur þó gefið nokkuð skakka mynd af raunveruleikanum með tilliti til vanskráningu slysa en meira er fjallað um það í kaflanum um óvarða vegfarendur.

Mynd 8 sýnir staðsetningu slysa eftir tegund þeirra.



MYND 8 Tegund slysa í þéttbýli Akureyrarbæjar. Stærð hringja táknar alvarleika slysanna.

2.4.1 Slysatíðni og slysakostnaður

Slysatíðni er ákveðinn mælikvarði notaður meðal annars til að fá vísbendingar um hættuleg gatnamót. Slysatíðni tekur ekki bara tillit til fjölda slysa heldur einnig til fjölda vegfarenda. Slysatíðni er reiknuð sem fjöldi slysa á vegkafla/gatnamótum á hvern ekinn milljón kílómetra. Með slysatíðni fæst betri hugmynd um hvar hættuleg gatnamót og götuleggi er að finna, sem getur aðstoðað við forgangsörðun aðgerða.

Til að geta metið slysatíðni þurfa að liggja fyrir upplýsingar um fjölda ökutækja/vegfarenda. Slíkar upplýsingar liggja aðallega fyrir hjá Vegagerðinni og í umferðarlíkani sveitarfélagsins. Þá er mikilvægt að minnst á að þegar slysatíðni er skoðuð er einungis verið að horfa á slys með meiðslum, ekki óhöpp. Því var ákveðið að horfa til gatnamóta sem voru með fleiri en einu slysi á fimm ára tímabili. Nokkrir staðir eru með hærri slysatíðni en meðalslysatíðni svipaðra gatnamóta [4] og ber þá helst að nefna:

- Tryggvabraut – Borgarbraut - slysatíðni 0,22 en meðalslysatíðni slíkra gatnamóta er 0,1.
- Glerárgata – Strandgata - slysatíðni 0,38 en meðalslysatíðni slíkra gatnamóta er 0,1.
- Miðhúsabraut – Dalsbraut – slysatíðni 0,28 en meðalslysatíðni slíkra gatnamóta er 0,05.

- Þingvallastræti – Dalsbraut – slysatíðni 0,28 en meðalslysatíðni slíkra gatnamóta er 0,1.
- Þingvallastræti – Byggðavegur – slysatíðni 0,35 en meðalslysatíðni slíkra gatnamóta er 0,1
- Borgarbraut – Dalsbraut – slysatíðni 0,38 en meðalslysatíðni slíkra gatnamóta er 0,04.
- Austursíða – Bugðusíða – slysatíðni 0,37 en meðalslysatíðni slíkra gatnamóta er 0,08.

Þegar slysatíðni er skoðuð geta ákveðnir staðir virðast vera hættulegir ef umferð er mjög lítil á þeim stað og fá slys (til dæmis eitt). Slysatíðni getur því verið góður mælikvarði en getur verið villandi og því er einnig hægt að horfa á slysakostnað til þess að skoða hvar þörf er á aðgerðum.

Útreikningar á samfélagslegum kostnaði umferðarslysa miðast við meðal samfélagslegan kostnað á slys frá Sigþórsson og Hilmarsson [4]. Hvert slys er dýrt fyrir samfélagið, en í kostnaði þeirra er ekki einungis eignatjón heldur einnig kostnaður við lögreglu og þeirra sem starfa við björgunarstörf, sjúkrahúskostnaður, kostnaður við aðhlynningu og framleiðslutap samfélagsins. Vinnan við útreikning á samfélagslegum kostnaði fór fram árið 2013 og því var verðlag aðlagð til ársins 2023 til að endurspegla núverandi kostnað umferðarslysa. Eins var ákveðið að skoða verðlag út frá þremur slysaflokkum, þar sem alvarlegum og banaslysum er slegið saman í einn flokk og fyrir árin 2019-2023.


TAFLA 2 Verðlag fyrir kostnað umferðarslysa í milljónum krónum fyrir árið 2023. Kostnaður var aukinn í samræmi við verðlagsbreytingar frá 2013-2023 [5].

VERÐLAG 2023 Í MILLJÓNUM KR.				
Kostnaður	Óhöpp án meiðsla	Lítill meiðsli	Alvarleg slys	Banaslys
4 flokkar	2,9	62,1	176,6	1347,9
3 flokkar	2,9	62,1	337,0	
2 flokkar	2,9	77,5		
1 flokkur	12,3			

Þessar forsendur gefa að samfélagslegur kostnaður umferðarslysa í Akureyrarbæjar á þessum fimm árum er áætlaður **30 milljarðar eða tæplega 6 milljarðar á ári**. Þar af er samfélagslegur kostnaður á vegum Vegagerðarinnar áætlaður **5,05 milljarðar eða 1 milljarður á ári og Akureyrarbæjar 25 milljarðar eða 5 milljarðar á ári**. Eins og niðurstöðurnar gefa til kynna er kostnaður samfélagsins af umferðarslysum gríðarlegur. Fækkun slysa leiðir til lægri samfélagslegs kostnaðar í framtíðinni sem vegur á móti kostnaði við öryggisaðgerðir.

Mynd 9 sýnir hitakort þar sem slysin eru vegin út frá slysakostnaði mismunandi óhappastiga. Hitakort eru leið til að reyna að finna staði sem eru með hlutfallslega mikinn slysafjölda og gefa vísbendingar um slysaþyrpingar. Hitakortið, sem og greiningar á slysatíðni, draga fram nokkra staði sem vert er að skoða frekar.

Hafa verður í huga að slysakostnaður gefur bara eina mynd af stöðum þar sem leggja á áherslu á bætt umferðaröryggi en gefur ekki endilega til kynna staði þar sem slys geta orðið í framtíðinni.



MYND 9 Hitakort vegið út frá slysakostnaði slysa á Akureyri fyrir árin, 2019-2023.

Sjá má að sömu gatnamót koma fram hvað slysakostnað varðar og slysatíðni en nánar er farið í greiningar á gatnamótunum í kafla 4.2.3

3 ÓVARÐIR VEGFARENDUR

Samkvæmt greiningu á umferðarslysum er hlutfallslega meiri hættu á að óvarðir vegfarendur hljóti lítil eða alvarleg meiðsli/banaslys þegar þeir lenda í umferðarslysi. Til að ná settum markmiðum um fækkun slysa með litlum eða alvarlegum meiðslum/banaslys er því mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á óvörðu vegfarendurnar. Því voru slys með þeim greind sérstaklega, óháð veghaldara.


3.1 Staðsetning slysa 2019 – 2023

Á árunum 2019-2023 urðu 123 umferðarslys meðal óvarinna vegfarenda² á Akureyri (Mynd 10) sem er um 11% allra slysa í sveitarfélaginu. Samkvæmt ferðavenjukönnun SSH og samgönguráðs, framkvæmd um haustið 2022, eru um 26% ferða íbúa Akureyrarbæjar gangandi, 4% á reiðhjóli og 5% sem farþegar í almenningssamgöngum. Því eru um 35% ferða hjá íbúum Akureyrarbæjar farnar með virkum fararmátum [6]. Sjá má að töluvert hátt hlutfall ferða eru farnar með virkum fararmátum sem getur skýrt hátt hlutfall slysa meðal óvarinna vegfarenda. Þá má velta fyrir sér hvort hluti hjólandi vegfarenda séu á rafhlaupahjóli/vespu en töluverð fjölgun hefur orðið í slíkum slysum (sjá nánar í kafla 3.8).

Þá voru 29 slysanna óhöpp án meiðsla, 59 slys með litlum meiðslum og 34 slys með alvarleg slys og eitt banaslys. Stór hluti slysa með óvörðum vegfarendum eru með meiðslum en eðlilegar skýringar eru á því. Í flestum tilfellum er ekki kallað til Lögreglu ef slys meðal gangandi eða hjólandi vegfarenda eru án meiðsla. Því er eðlilegt að þau slys sem skráð eru í gagnagrunninn séu í flestum tilfellum með meiðslum. Þetta sést einnig nokkuð skýrt þegar horft er á alvarleika slysa eftir vegfarendahópum í fyrri kafla (Mynd 7).

Staðsetningu slysa meðal óvarinna vegfarenda má sjá á Mynd 10.

² Í þessari skýrslu eru óvarðir vegfarendur allir þeir sem ferðast fótgangandi, hjólandi, á rafhjóli eða rafhlaupahjóli.



MYND 10 Slysa á meðal óvarinna vegfarenda í þéttbýli Akureyrar.

Þá var eitt slys með litlum meiðslum í Hrísey við fall af hjóli.


Slysin virðast vera nokkuð dreifð um bæinn en þó má sjá samþjöppun á þeim á til dæmis við gatnamót

- Kaupvangsstrætis og Hafnarstrætis
- Hörgárbrautar og Undirhlíðar
- Þórunnarstræti og Miðhúsabraut
- Oddeyrargata – Brekkugata
- Hlíðarbraut við Borgarbraut
- Glerárgata við Strandgötu, Tryggvabraut og Undirhlíð
- Dalsbraut við Borgarbraut

Sem dæmi eru gatnamót Hörgárbrautar og Undirhlíðar hringtorg með tvær akreinar í sömu akstursstefnu og eins við gatnamót Þórunnarstrætis og Miðhúsabrautar. Mikilvægt er að þveranir séu ekki á götum þar sem eru tvær akreinar í sömu akstursstefnu. Akandi sem stöðvar á annarri akreininni getur skyggt á óvarða vegfarandann og því eru meiri líkur á að akandi á hinni akreininni sjái hann ekki.


3.2 Tegund slysa meðal óvarinna vegfarenda

Ef horft er til gerða slysa með óvörðum vegfarendum má sjá að stærstur hlutur þeirra er meðal hjólandi vegfarenda (98 af 123 slysum) og þá er stærstur hluti þeirra fallslys hjólandi (42 slys). Þá má sjá að slys á gangandi vegfarendum eru 25 og þá eru flest þar sem ekið er á gangandi á gangbraut (11 slys) (sjá Mynd 11).




MYND 11 Fjöldi slysa meðal óvarinna vegfarenda eftir tegund þeirra og alvarleika. Á myndinni táknar kross banaslys og vespur tákna hversu mörg slysanna voru slys á rafhlaupahjólum.

Ef einnig er horft til aldurs vegfarendanna þá má sjá að flestir sem slasast eru börn á aldrinum 0-12 ára, eða 29 slasaðir af 144 einstaklingum. Í þeim aldurshóp og hópnum 13-17 ára voru flest slysin þar sem ekið er á hjólandi vegfarenda en í öðrum aldursflokkum eru flestir að slasast í fallslysi. Aldursdreifing óvarðra vegfarenda sem lentu í slysi má sjá á Mynd 12.



MYND 12 Slasaðir óvarðir vegfarendur eftir aldri og vegfaranda.



MYND 13 Staðsetning slysa meðal óvarinna vegfarenda, eftir aldri.

Flest slys á undir 17 ára virðast vera í húsagötum, á umferðarminni götunum, en slys meðal eldri vegfarenda eru að miklum hluta á stærri götunum. Þó er undantekning á þessu, og þá sérstaklega við gatnamót Kaupvangsstrætis og Hafnarstrætis og gatnamót Hörgárbrautar og Undirhlíðar.


Líta verður til þess að mikil vanskráning er í umferðarslysum meðal hjólandi vegfarenda. Þá má gera ráð fyrir að allt að 90% umferðarslysa með hjólandi vegfarendum séu ekki í slysaskráningunni og því sé töluvert fleiri slys á meðal þessara vegfarenda.

Á Mynd 4 sást fimm ára meðaltal slysa meðal óvarinna vegfarenda og má sjá talsverða aukningu í þeim slysum. Nokkrar ástæður geta legið að baki þessari þróun og er það meðal átak í að auka skráningu umferðarslysa með hjólandi vegfarendum og fjölgun slysa meðal þeirra sem nota rafhlaupahjól. Eins geta aðrir þættir haft áhrif eins og breyttar ferðavenjur og einnig má sjá í nýlegum könnunum um hegðun í umferðinni að um 60% aðspurðra á Norðurlandi eystra aka á 40 km/klst. eða meira á stöðum þar sem 30km/klst. er leyfilegur hámarkshraði [7].


3.3 Hraði í slysum við óvarða vegfarendur, þveranir og hraðatakmarkandi aðgerðir

Hraði ökutækja hefur áhrif á líkur á að lenda í slysi og afleiðingar slysa [8, 9]. Eftir því sem hraðar er keyrt, því styttri er viðbragðstími ökumanns og þar sem aksturshraði við árekstur stýrir stærð höggsins þá þýðir meiri hraði meira högg/álag og þar af leiðandi í flestum tilfellum alvarlegri slys. Ökumenn vanmeta oft stærð krafta í slysum en rannsóknir sýna að við hærri hraða en 25 km/klst. fara líkur á alvarlegum slysum að aukast meðal gangandi vegfarenda sem ekið hefur verið á [10]. Þá spilar aldur einnig mikið hlutverk og eins stærð og lögun ökutækisins.

Með tilliti til þessa er ráðlagt að hraða við þveranir óvarinna vegfarenda sé haldið í lágmarki.



MYND 14 Alvarleiki áverka eftir aldri gangandi vegfarenda sem ekið var á miðað við mældan meðalhraða á árekstrarstað [10].



MYND 15 Lendingarhraði í samanburði við fallhæð. Byggt á gögnum frá Trafíkverket.

Rannsóknir hafa sýnt að banaslys hjólandi vegfarenda eru fátíð þar sem meðalhraði ökutækja er lægri en 39 km/klst. og eftir 25 km/klst. byrja líkur á alvarlegum áverkum að aukast [10].

Með tilliti til þessa er mikilvægt að benda á að ökumenn vanmeta oft þá krafta sem verða í slysum og stærð þeirra. Mögulega er einfaldara að átta sig á því að með því að fjalla um fallhæð. Með mikilli einföldun má segja að einstaklingur sem fellur af annarri hæð blokkar lendi á jörðinni á um það bil 30 km/klst. hraða og einstaklingur sem fellur af fjórðu hæð blokkar lendir á jörðinni á 50 km/klst.

Hugmyndafræði Núllsýnarinnar byggir á því að enginn eigi að slasast alvarlega eða látast í umferðarslysum en ekki er raunhæft að ætla að ná að fyrirbyggja öll slys. Raunhæfara er að leggja áherslu á að reyna að lágmarka afleiðingar slysa, ef þau gerast. Það er, að ákvarða hámarkshraða, og raunhraða, út frá því hvers konar slys séu líkleg til að eiga sér stað og hve háan hraða veikasti vegfarandinn er líklegur til að þola. Þar sem flest banaslys verða þar sem meðalhraði í götu er á bilinu 40-50 km/klst. þá er árangurrikast að ná að lækka hraða við þveranir í þeim götum niður fyrir 30 km/klst. með hraðatakmarkandi aðgerðum.

Meðal hraðatakmarkandi aðgerða má nefna hraðahindranir, upphækkanir á gangbrautum, þrengingar og hlykki á vegi. Aðrar aðgerðir eins og hraðavaraskilti, lækkun hámarkshraða og miðeyjur milli akstursstefna geta einnig haft áhrif á umferðarhraða en þó í minni skala en þau fyrrnefndu [11].

Gangbrautir einar og sér eru ekki umferðaröryggisaðgerð. Rannsóknir hafa sýnt það að merkt gangbraut getur veitt falska öryggiskennd og því geti í sumum tilfellum öryggi verið betur borgið með ómerktri þverun frekar en merktri gangbraut [12]. Hins vegar má ekki gleyma því að án gangbrauta upplifa gangandi og hjólandi oft á tíðum erfiðleika við að þvera götur. Því má líta svo á að gangbrautir séu aðgengisaðgerð frekar en öryggisaðgerð. Til að gæta að öryggi við gangbrautir er ráðlagt að þær séu hækkaðar upp eða dregið úr hraða við þær með öðrum hraðatakmarkandi aðgerðum.

Þar sem ákveðið hefur verið að staðsetja gangbraut skal hún ávallt vera bæði merkt með skiltum beggja vegna götunnar og með sebramerkingu, í samræmi við umferðarlögin [13].

Þá benda rannsóknir einnig til þess að göngupverun yfir fleiri en eina akreina í sömu akstursstefnu sé ekki æskileg [14]. Ástæðan er sú að ökutæki á annarri akreininni skyggir á vegfarandann. Því er alla jafna ekki mælt með þverunum óvarinn vegfarenda yfir fleiri en eina akrein í sömu akstursstefnu, nema þá að notast við aðgerðir eins og milli - miðeyjur.

Þá skal ávallt lýsa gangbrautir sérstaklega en þá er notast við tvær ólíkar aðferðir og þarf ávallt meta við hönnun þeirra hvor aðferðin á við [15]:

- Bein lýsing með jákvæðum skerpumun
- Aukin lýsing bakgrunns

30 km götur [16]

Almennt séð ætti ekki að vera þörf á gangbrautum í húsagötum eða í götum þar sem leyfilegur hámarkshraði er 30 km/klst. Einungis er mælt með merktri gangbraut við mikilvæga áfangastaði eins og á gönguleiðum skólabarna.

40 og 50 km/klst. götur [16]

Á götum með leyfilegum hámarkshraða 40 km/klst. er mælt með gangbrautum við:

- Mikilvæga áfangastaði eins og skóla eða íþróttahús
- Þar sem þær eru hluti af stofnstígakerfi
- Á götum þar sem erfitt getur verið að þvera vegna fjölda ökutækja ($\text{ÁDU} > 2000$ ökutæki)

60 km götur [16]

Á götum með leyfilegum hámarkshraða 60 km/klst. eða hærra er ekki mælt með gangbrautum. Í undantekningartilfellum eru göngubþveranir settar á slíka vegi en þá við hringtorg eða ljósastýrð þverun. Ekki er mælt með þverun ef raunhraði er hærri en 45 km/klst.

Þegar litið er til staðsetningar hraðatakmarkandi aðgerða er oft sérstaklega litið til gönguleiða skólabarna. Slíkar aðgerðir lágmarka ekki einungis líkur á alvarlegum eða banaslysum heldur geta þær einnig fengið foreldra til að upplifa að öruggara sé að senda börnin að sjálfsdáðum í skólann, sem aftur getur lágmarkað akstur við skólann.

3.4 Umferðaröryggi barna sem óvarðir vegfarendur

Með tilliti til ofangreindra niðurstaða er sérstaklega mikilvægt að taka tillit til skólabarna þegar kemur að umferðaröryggismálum í sveitarfélaginu. Áhyggjur foreldra af börnum í umferðinni geta leitt til þess að takmarkanir eru settar á sjálfstæði þeirra að ferðast sjálf [17]. Ekki er hægt að setja sömu kröfur á börn og fullorðið fólk þegar kemur að því að sýna „örugga“ hegðun í umferðinni. Yngsti hópurinn hefur til að mynda ekki nægan þroska til að læra og skilja umferðarreglur eða skilti. Einnig hafa þau hvorki fullþroskaða sjón né heyrn og geta ekki dæmt fjarlægðir og hraða eins vel og eldri einstaklingur [18].

Sökum þroska er heldur ekki hægt að ætlast til þess að börn hafi alltaf fulla athygli á umferðinni [12]. Þau eru lægri sem takmarkar yfirsýn þeirra og annarra að þeim, sem gerir það að verkum að erfiðara getur verið fyrir öllum að sjá börn. Þetta getur skapað hættu til dæmis þegar ökumaður bakkar á bílastæðum. Rannsóknir benda til þess að slys þar sem ekið er á börn sem gangandi eða hjólandi vegfarendur leiða til alvarlegri meiðsla en ef ekið er á fullorðinn einstakling [13]. Börn eru einnig viðkvæmari í árekstrum sem farþegar í ökutækjum og því er mikilvægt að notast sé við réttan öryggisbúnað. Helstu leiðir til að tryggja öryggi barna er að skapa umhverfi sem lágmarkar hættu fyrir yngstu vegfarendahópina.

Flestir foreldrar hafa áhyggjur af börnum sínum á leið í skólann. Staðreyndin er sú að oft á tíðum skapa foreldrar sjálfir hættulegar aðstæður í kringum skóla þegar börn eru keyrð í skólann. Foreldrarnir eru varkárir þegar þeirra börnum er skutlað í skólann en eru svo að „flýta sér“ í burtu frá skólanum og skapa þá hættu fyrir önnur börn. Vegna þessa kjósa fleiri foreldrar að skutla börnum sínum í skólann og því skapast ákveðinn vítahringur [10]. Í könnun frá Svíþjóð kom í ljós að margar ástæður liggja að baki þess að foreldrar skutla börnum sínum í skólann en flestir sögðu ástæðuna vera að það er praktískt og næst á eftir var öryggið. Til að bæta öryggi á gönguleiðum skólabarna var mælt með að:

- Í nýjum hverfum skal velja staðsetningu skólans sem hentar vel fyrir börnin að ganga og hjóla.
- Skipulag hjóla-og gönguleiða séu þannig að þar sem þvera þarf götu sé hraði lágmarkaður með hraðatakmarkandi aðgerðum sem eru í samræmi við umferðarmagn. Góð viðmið má finna í leiðbeiningum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar „Gönguþveranir“ [14].
- Skipuleggja „skutl“svæði við skóla þar sem fæstir gangandi og hjólandi þvera götur.

Þetta eru hins vegar allt langtímaverkefni. Önnur leið til að bæta öryggi við skólana er að hafa áhrif á foreldrana, meðal annars [10]:

- Fá þá til að upplifa að það sé öruggt fyrir börnin að fara sjálf í skólann.
- Sannfæra foreldra um að þeir séu góðir foreldrar þó börnin gangi eða hjóli sjálf í skólann.
- Veita foreldrum upplýsingar um æskilegustu staðina til að sækja og skutla börnum.
- Gera bækling sem sýnir öruggustu gönguleiðir í skólann.

Haustið 2024 lagði EFLA fyrir könnun meðal skólabarna á Akureyri á gönguleiðum þeirra í skólann auk ferðavenja. Könnun á skólaleiðum veita upplýsingar um það hvernig skólabörn upplifa umferðaröryggi. Könnunin var framkvæmd á skólatíma til að koma í veg fyrir að þau verði fyrir áhrifum frá foreldrum/forráðamönnum um hættustaði.

Grunnskólar Akureyrarbæjar eru tíu en níu þeirra eru starfandi; Brekkuskóli, Giljaskóli, Glerárskóli, Grímseyjarskóli (ekki starfandi), Hlíðarskóli, Hríseyjarskóli, Lundarskóli, Naustaskóli, Oddeyrarskóli og Síðuskóli. Skólarnir sem tóku þátt í könnuninni voru Giljaskóli, Glerárskóli, Lundarskóli, Naustaskóli, Oddeyrarskóli og Síðuskóli. Kannanir voru gerðar í desember 2024, janúar og febrúar 2025.


Í samræmi við leiðbeiningar Vegagerðarinnar og Samgöngustofu var könnunin lögð fyrir nemendur í 3., 6. og 9. bekk. Könnunin fór þannig fram að skólastjórar hvers skóla fengu aðganga að hlekk að könnuninni. Hlekknum var svo komið til viðkomandi kennara sem lagði könnunina fyrir nemendur. Nemendur voru meðal annars beðnir um að svara:

- Hvaða ferðamáta þau notuðust við þann daginn
- Hvaða ferðamáta þau notast við yfirleitt
- Á loftmynd voru þau beðin um að teikna leiðina sem þau gengu í skólann eða ganga vanalega í skólann
- Á loftmynd voru þau beðin um að merkja inn staði sem þau telja varasama og tilgreina hvað það er sem gerir staðinn varasaman

Ekki var lögð áhersla á að börn í 3.bekk teiknuðu leiðina sína í skólann, enda getur það reynst þeim erfitt að átta sig á loftmynd.

3.4.1 Ferðavenjur – allir skólar

Á Mynd 16 má sjá niðurstöður um ferðavenjur meðal allra skólanna sem svöruðu könnuninni, alls sex skólar og í sumum tilfellum voru fáir sem svöruðu könnuninni. Alls voru 237 nemandi sem svöruðu ferðavenjukönnuninni.



MYND 16 Hlutfall ferðamáta skólabarna í 3., 6. og 9. bekk í þeim grunnskólum Akureyrarbæjar sem tóku þátt í könnunni. Ferðamátí þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamátí sem er yfirleitt fyrir valinu (til hægri).


Eins og sést á myndunum koma flestir nemenda í skólann með virkum ferðamáta (gangandi eða hjólendi), en 63% nemenda svaraði að þeir komu gangandi daginn sem könnunin fór fram. Hins vegar sögðust 74 % yfirleitt koma gangandi eða hjólendi. Aftur á móti var 32 % nemenda skutlað í skólann daginn sem könnunin fór fram en yfirleitt er 20 % þeirra skutlað. Aðeins 3-5 % nemenda koma með strætó eða skólabíl.

Þegar niðurstöður um ferðamáta nemenda eru skoðaðar eftir árgöngum (tafla 3), má sjá að aðeins stærri hluti barna í 3. og 6. bekk er yfirleitt skutlað í skólann (26% og 21%) samanborið við 17% barna í 9. bekk.

TAFLA 3 Ferðamátí skólabarna á Akureyri eftir árgöngum.

Ferðamátí	3. bekkur		6. bekkur		9. bekkur		ALLIR	
	Þann daginn	Yfirleitt	Þann daginn	Yfirleitt	Þann daginn	Yfirleitt	Þann daginn	Yfirleitt
Gangandi	56%	58%	63%	66%	67%	73%	63%	67%
Hjólendi	0%	11%	0%	8%	1%	4%	0%	7%
Skutlað	39%	26%	34%	21%	28%	17%	32%	20%
Vélknúið	2%	0%	0%	2%	1%	0%	1%	0%
Strætó/skólabíll	3%	6%	3%	3%	4%	6%	3%	5%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Mynd 17 sýnir gönguleiðir skólabarna á Akureyri.



MYND 17 Gönguleiðir skólabarna á Akureyri. Gögn unnin upp úr upplýsingum um gönguleiðir frá skólabörnum í 3., 6., og 9.bekk. Sýnt er hlutfall ferðamáta allra skólanna miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt til skóla.

Mismunandi fjöldi gönguleiða er merktur inn á kortið milli skóla. Hæsta hlutfall nemenda í sveitarfélaginu sem gengur að jafnaði í skólann eru í Lundarskóla (77%).

Hér á eftir verða gönguleiðir og val á ferðamáta skólabarna skoðað nánar fyrir hvern skóla fyrir sig. Einnig verða hættupunktur skólabarna skoðaðir. Flest skólabarnanna nefndu ekki punkta þar sem þau upplifa sig í hættu eða vera erfiða. Þó voru um 17 staðir þar sem bent var á eitthvað sem þeim þótti hættulegt.

3.4.2 Brekkuskóli


Ekki bárust upplýsingar frá Brekkuskóla í ferðavenjukönnun 2024-2025.

Því var stuðst við upplýsingar úr eldri könnunum.

3.4.3 Giljaskóli

Dagana 5. desember og 13. janúar 2025 voru ferðavenjur hjá nemendum í 3., 6. og 9. bekk í Giljaskóla kannaðar og voru alls 70 nemendur sem svöruðu ferðavenju könnuninni. Mynd 18 sýnir hlutfall

ferðamáta í skólanum, annars vegar þann dag sem könnun var lögð fyrir og hins vegar þann ferðamáta sem yfirleitt verður fyrir valinu.



MYND 18 Hlutfall ferðamáta skólabarna í 3., 6. og 9. bekk í Giljaskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri).

Dagana sem ferðavenjukönnunin fór fram komu 61% gangandi í skólann og koma 69% nemenda yfirleitt gangandi í skólann. Enginn kom hjólandi í skólann þegar könnunin var gerð en yfirleitt koma 6% nemenda á hjóli. Má því gera ráð fyrir að yfirleitt komi 60-75% nemenda með virkum ferðamáta í skóla. Um 36% nemenda var skutlað í skólann þann dag sem könnunin var gerð en 21% segjast yfirleitt vera skutlað í skólann. Engir nemendur komu á vélknúnu hjóli/hlaupahjóli þá daga eða koma yfirleitt. Þá segjast um 4% nemenda koma með strætó í skólann og 3% komu með strætó þann dag sem könnunin fór fram.


Gönguleiðir skólabarna í Giljaskóla eru sýndar á Mynd 19.



MYND 19 Gönguleiðir skólabarna í Giljaskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt.

3.4.4 Glerárskóli


Dagana 10. og 24. janúar 2025 voru ferðavenjur hjá nemendum í 3., 6. og 9. bekk í Glerárskóla kannaðar og voru alls voru 30 nemendur sem svöruðu ferðavenju könnuninni. Mynd 20 sýnir hlutfall ferðamáta í skólanum, annars vegar þann dag sem könnun var lögð fyrir og hins vegar þann ferðamáta sem yfirleitt verður fyrir valinu.



MYND 20 Hlutfall ferðamáta skólabarna í 3., 6. og 9. bekk í Glerárskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri).

Dagana sem ferðavenjukönnunin fór fram komu 47% nemenda gangandi í skólann 57% segist koma yfirleitt gangandi í skólann. 3% nemenda kom hjólandi í skólann þegar könnunin var gerð en yfirleitt koma 20% nemenda á hjóli. Nemendur á hjóli eru því aðeins yfir meðaltalinu í sveitarfélaginu sem yfirleitt hjóla í skólann. Má því gera ráð fyrir að yfirleitt komi 60-75% nemenda með virkum ferðamáta í skóla. Um 50% nemenda var skutlað í skólann þann dag sem könnunin var gerð en 23% segjast yfirleitt vera skutlað í skólann. Engir nemendur komu með strætó eða á vélknúnu ökutæki þann dag eða koma yfirleitt.

Gönguleiðir skólabarna í Glerárskóla eru sýndar á Mynd 21.



MYND 21 Gönguleiðir skólabarna í Giljaskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt

3.4.5 Hríseyjarskóli


Ekki bárust upplýsingar frá Hríseyjarskóla í ferðavenjukönnun 2024-2025.

3.4.6 Hlíðarskóli

Ekki bárust upplýsingar frá Hlíðarskóla í ferðavenjukönnun 2024-2025.

3.4.7 Lundarskóli

Dagana 28. nóvember og 5. desember 2024 voru ferðavenjur hjá nemendum í 3. og 9. bekk í Lundarskóla kannaðar og voru alls 60 nemendur sem svöruðu ferðavenju könnuninni. Mynd 22 sýnir hlutfall ferðamáta í skólanum, annars vegar þann dag sem könnun var lögð fyrir og hins vegar þann ferðamáta sem yfirleitt er fyrir valinu.



MYND 22 Hlutfall ferðamáta skólabarna í 3. og 9. bekk í Lundarskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri).

Dagana sem ferðavenjukönnunin fór fram komu 75% nemenda gangandi í skólann en 77% nemanda segist koma yfirleitt gangandi í skólann. Má því gera ráð fyrir að yfirleitt komi um 75% nemenda með virkum ferðamáta í skóla. Enginn nemandi kom hjólendi þá daga sem könnunin var gerð en 5% segjast yfirleitt koma hjólendi. 25% nemenda var skutlað í skólann þá daga sem könnunin var gerð en 18% segjast yfirleitt vera skutlað í skólann. Engir nemendur komu með strætó eða á vélknúnu ökutæki þá daga eða koma yfirleitt.


Gönguleiðir skólabarna í Lundarskóla eru sýndar á Mynd 23.



MYND 23 Gönguleiðir skólabarna í Lundarskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt.

3.4.8 Naustaskóli

Þann 7. febrúar 2025 voru ferðavenjur hjá nemendum í 3. og 9. bekk í Naustaskóla kannaðar og voru alls 29 sem svöruðu ferðavenju könnuninni. Mynd 24 sýnir hlutfall ferðamáta í Naustaskóla, annars vegar þann dag sem könnun var lögð fyrir og hins vegar þann ferðamáta sem yfirleitt er fyrir valinu.



MYND 24 Hlutfall ferðamáta skólabarna í 3. og 9. bekk í Naustaskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri).

Daginn sem ferðavenjukönnunin fór fram komu 69% nemenda Naustaskóla gangandi í skólann og 76% nemanda segist koma yfirleitt gangandi í skólann. Enginn nemenda kom hjólandi þann dag sem könnunin var gerð en 3% segjast yfirleitt koma hjólandi. 28% nemenda var skutlað í skólann og er 10% nemenda yfirleitt skutlað í skólann. 3% nemenda komu með strætó en 10% nemenda koma yfirleitt með strætó. Engir nemendur komu á vélknúnu ökutæki þann dag eða koma yfirleitt.

Gönguleiðir skólabarna í Naustaskóla eru sýndar á Mynd 25.





MYND 25 Gönguleiðir skólabarna í Naustaskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt Oddeyrarskóli

3.4.9 Oddeyrarskóli

Þann 18. desember 2024 voru ferðavenjur hjá nemendum í 6. bekk í Oddeyrarskóla kannaðar og voru alls 18 nemendur sem svöruðu ferðavenju könnuninni.


Mynd 26 sýnir hlutfall ferðamáta í skólanum, annars vegar þann dag sem könnun var lögð fyrir og hins vegar þann ferðamáta sem yfirleitt er fyrir valinu.



MYND 26 Hlutfall ferðamáta skólabarna í 6. bekk í Oddeyrarskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri).

Daginn sem ferðavenjukönnunin fór fram komu 44% nemenda Oddeyrarskóla gangandi í skólann og sama hlutfall nemenda segist koma yfirleitt gangandi í skólann. Enginn nemenda kom hjólandi þann dag sem könnunin var gerð og enginn segist koma yfirleitt hjólandi. 50% nemenda var skutlað í skólann daginn sem könnunin fór fram og sama hlutfall er yfirleitt skutlað í skólann. Um 6% nemenda komu daginn sem könnun fór fram með strætó og koma yfirleitt með strætó. Engir nemendur komu á vélknúnu ökutæki (hlaupahjóli eða vespu) þann dag eða yfirleitt.


Gönguleiðir skólabarna í Oddeyrarskóla má sjá á Mynd 27.



MYND 27 Gönguleiðir skólabarna í Oddeyrarskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt.

3.4.10 Síðuskóli


Þann 29. nóvember 2024 voru ferðavenjur hjá nemendum í 6. bekk í Síðuskóla kannaðar og voru alls 23 nemendur sem svöruðu ferðavenju könnuninni. Mynd 28 sýnir hlutfall ferðamáta í skólanum, annars vegar þann dag sem könnun var lögð fyrir og hins vegar þann ferðamáta sem yfirleitt er fyrir valinu.



MYND 28 Hlutfall ferðamáta skólabarna í 6. bekk í Síðuskóla. Ferðamáti þann dag sem könnun var lögð fyrir (til vinstri) og ferðamáti sem er yfirleitt fyrri valinu (til hægri).

Daginn sem ferðavenjukönnunin fór fram komu 77% nemenda gangandi í skólann og 55% nemenda segist koma yfirleitt gangandi í skólann. Enginn nemenda kom hjólandi þann dag sem könnunin var gerð en yfirleitt koma 7% hjólandi. 23% nemenda var skutlað í skólann þann dag en yfirleitt er 10% nemendum skutlað í skólann. Engir nemendur komu með strætó þann dag í skólann eða koma yfirleitt. Enginn kom á vélknúnu ökutæki þann dag en yfirleitt koma 7% á vélknúnu ökutæki.

Nemendur í voru einnig fengin til að teikna inn gönguleiðir, sem sjá má á Mynd 29



MYND 29 Gönguleiðir nemenda í Sýðuskóla. Sýnt er hlutfall ferðamáta miðað við hvernig þau ferðast yfirleitt

3.5 Umferðaröryggi eldra fólks sem óvarðir vegfarendur

Niðurstöður ferðavenjukönnunar SSH og samgönguráðs frá árinu 2022 benda til þess að einstaklingar 65 ára og eldri á Norðurlandi eystra fari að meðaltali 1,7 ferð á dag, en það eru töluvert færri ferðir en meðaltalið fyrir alla íbúa á Norðurlandi eystra sem er 3,1 ferð. Nýlegar rannsóknir benda til þess að eldra fólk fari fleiri ferðir í dag en eldra fólk gerði fyrir tuttugu árum síðan og helgast líklega af því að í dag er hærra hlutfall eldra fólks með eða hefur haft ökuréttindi en tíðkaðist áður fyrr. Engu að síður fækkar ferðum eftir því sem fólk eldist [15]. Færri ferðir geta þýtt meiri félagslega einangrun með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á lífsgæði. Gera má ráð fyrir að hlutfall eldri borgara muni aukast á komandi árum í öllum sveitarfélögum. Það er mikilvægt fyrir lífsgæði þessara einstaklinga að geta ferðast sjálfstætt. Líkamleg hreyfing hefur einnig meira vægi fyrir heilsu þeirra en í öðrum aldurshópum [16, 17]. Út frá lýðheilsusjónarmiðum er því mikilvægt að halda þessum hópi virkum og þá sérstaklega sem gangandi og hjólandi vegfarendum. Hins vegar verður að taka tillit til þess að eldra fólk á í meiri hættu að slasast alvarlega ef það lendir í slysum [18] og algengasta slysategund meðal eldra fólks er fallslys [19]. Því er mjög mikilvægt að huga sérstaklega að öryggi þessa hóps í umferðinni og taka tillit til þarfa þeirra varðandi bæði öryggi og aðgengi, meðal annars með því að minnka hættu á fallslysum.

Helstu umhverfislegu þættirnir sem leiða til falls hjá eldra fólki eru hálka, lauf og sandur á göngustíg, misfellur í gangstéttum og háir kantsteinar [19], [20].

Fallslys eru umfangsmikið vandamál en samfélagið hefur mikla möguleika á að bæta úr þeim fyrst og fremst með bættri þjónustu, svo sem snjóhreinsun, sópun og viðhaldi stíga. Þess að auki er mikilvægt að huga að niðurtektum við gangstéttar. Þótt kansteinar við þveranir auki ef til vill ekki líkur á fallslysum til muna, þá hafa þeir áhrif á líkur fólks á að geta komist leiða sinna, sérstaklega eldra fólk með göngugrindur, fólk í hjólastólum, foreldrar með barnavagna og ferðamenn með ferðatöskur.

3.6 Umferðaröryggi hjólandi

Líkt og áður sagði voru flest slys meðal hjólréiðamanna þar sem fallið var af reiðhjóli (einslys). Þó þau séu algengustu slysin meðal hjólandi vegfarenda þá sýna rannsóknir að í flestum tilfellum leiði árekstrar milli hjólandi og akandi til alvarlegri meiðsla [19].

Helstu leiðir til þess að draga úr einslysum hjólandi vegfarenda er að bæta viðhald og bæta innviði fyrir hjólandi [20]. Þá er mikilvægt að stígar séu sópaðir á vorin þar sem lausamöl og sandur hefur mikil áhrif á yfirborðið og á veturna sé reynt eftir fremsta megni að hreinsa snjó og hálkuverja. Þá er einnig mikilvægt að taka tillit til fallhættu þeirra við skurði og ár en miðað er við að þörf sé á grindverki/fallvörn þar sem

- vatn nálægt stíg er dýpra en 0,5 m.
- Flái er brattari en 1:1,5 og hæðarmunur er meiri en 1 m.
- þar sem flái er brattari en 1:3 og hæðarmunur er meiri en 2 m

Rannsóknir hafa einnig sýnt það að slys á götuleggjum eru alla jafna alvarlegri meðal hjólandi vegfarenda en í gatnamótum. Helsta ástæða þess er hraðinn, en hraði er alla jafna lægri við gatnamót en á götuleggjum [19]. Til að fækka slysum meðal hjólandi vegfarenda á bæði götuleggjum og gatnamótum er mikilvægt að leggja áherslu á lágan hraða ökutækja þar sem þessir tveir vegfarendahópar mætast. Þá eru bættir innviðir fyrir hjólandi, aðskildir hjólastígar, ein helsta leiðin til þess að bæta aðgengi, greiðfærni og öryggi hjólandi vegfarenda. Valið á milli einstefnu eða tvístefnu hjólastíga er háð aðstæðum hverju sinni. Einstefnu hjólastígar eru ráðlagðir á svæðum þar sem mikið er um innkeyrslur eða vegamót á kafla en við gatnamót búast ökumenn ekki alltaf við hjólandi vegfarendum úr mótlægri akstursstefnu [20].

Í sumum tilfellum, eins og við stórt flæði gangandi vegfarenda, getur verið þörf á að hægja á hjólandi. Bómur/grindur geta valdið hættulegum áverkum á hjólandi vegfarendum og því ekki mælt með að nota þær við enda stíga í miklum halla [11].

Eins er hægt að hvetja hjólandi til þess að notast við öryggisbúnað eins og hjálm og endurskin. Skoðanir fólks á hjálmum eru misjafnar. Einhver umræða hefur skapast um að hjólandi hætti að hjóla með því að setja lög um hjálmanotkun og því hefur verið brugðið á það ráð á Íslandi að einungis hafa hjálmaskyldu fyrir börn og unglinga undir 16 ára aldri. [21]. Hjálmanotkun á hjóli getur hins vegar dregið verulega úr líkum á alvarlegum meiðslum á höfði (minnkar líkur um 60%) en minni áhrif eru á andlitsáverka (23%). Þá sýna einnig rannsóknir að þeir hafa álíka öryggisáhrif fyrir börn og fullorðna. Þá eru þeir líklegri til þess að veita meiri vörn í fallslysum en slysum á milli akandi og hjólandi [22]. Með tilliti til þess hve stór hluti slysa meðal hjólandi vegfarenda eru fallslys er mikilvægt að hvetja áfram til hjálmanotkunar þó kannanir hafa sýnt að almennt séð er hjálmanotkun nokkuð algeng á meðal íslenskra hjólreiðamanna [23].



MYND 30 Stígakerfi Akureyrar þar sem stofnstígar og tengistígar koma fram.


3.7 Umferðaröryggi hestafólks

Töluvert er af reiðleiðum á Akureyri (sjá mynd 34) sem liggja þó allar utan við íbúðarhverfin. Mikilvægt er að reynt sé eftir fremsta megni að taka tillit til allra vegfarendahópa og að allir vegfarendahópar taki tillit til hvers annars á blönduðum stígum/götum og við þveranir. Þá er æskilegt að forðast að stígar þveri hvorn annan þar sem hjóla- og reiðstígar liggja saman. Þar sem því verður ekki hjá komið er mikilvægt að huga að því að lausamöl færast ekki yfir á hjólastígana, þar sem fallslys eru algengasta slys meðal hjólandi þar sem lausamöl er stór orsakapáttur.



MYND 34 Reiðleiðir innan Akureyrar þar sem dekkri línur tákna stofnleiðir og ljósari línur tákna tengileiðir.

Í hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólreiðar er mælt með að við stígamót sé malbikað um 1 m inn á reiðstíga til að koma í veg fyrir að lausamöl flytjist á milli stíga [24]. Einnig er mælt með að hægja á hjólandi vegfarendum við stígamótin, til dæmis með hvítum máluðum þverlínunum á yfirborð hjólastígar (**MYND 35**).



MYND 35 Úr hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólréiðar [24].

3.8 Umferðaröryggi rafhlaupahjóla, vespa og skúta

Slys á rafhlaupahjólum/skútum á Akureyri voru þrettán talsins á árunum 2020-2023 en skráning á þessum ferðamáta byrjuðu í kringum 2020. Yngsti einstaklingurinn var 11 ára og sá elsti 67 ára og tvö slysanna voru með alvarlegum meiðslum og bæði urðu vegna falls af rafhlaupahjólum.

Greiningar undanfarin ár leitt í ljós að fjöldi alvarlegra slysa verða á þessum ferðamáta. Á tveimur árum jókst heildarfjöldi slysa hjá óvörðum vegfarendum um 72% á landsvísu og í tilfellum alvarlegra slysa þá er aukning næstum 200% [25]. Þá hafa orðið tvö banaslys einstaklinga á rafhlaupahjólum, bæði á höfuðborgarsvæðinu. Annað var árið 2021 eitt banaslys þar sem annar vegfarandinn var á rafhlaupahjólum og hinn á bifhjólum [26]. Annað banaslys varð árið 2022 þar sem einstaklingur á rafhlaupahjólum lenti á aftari hjólbörðum hópbifreiðar [27].

Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu verða flest slys á rafhlaupahjólum aðfararnætur laugardags og sunnudagskvöld, eða um 23% af slysunum. Eins eru börn nokkuð stór hópur þeirra sem slasast og stór fjöldi þeirra sem meiðast hljóta höfuðáverka [28]. Þá er ljóst að sum hjólanna geta náð töluverðum hraða, eða allt að 60-70 km/klst. [25].

Aðrar rannsóknir hafa sýnt að vespur/skútur eru einn hættulegasti ferðamátinn að teknu tilliti til fjölda ekinna km, alvarleika slysa og fjölda þeirra [29]. Sökum ungs aldurs hafa ökumenn á vespum/rafhlaupahjólum/skútum oft á tíðum ekki bílpróf og átta sig þá ef til vill ekki á hættum í umferðinni eða eru meðvitaðir um umferðarlög eða forgangsreglur í umferðinni.

Erfitt er að sporna við slysum á rafhlaupahjólum og vespum/skútum með hraðatakmarkandi aðgerðum en slíkar aðgerðir gætu aukið hættu á fallslysum. Lagt er til að Akureyrarbær komi sér í samband við rafhjólaleigur og biðji um að setja hraðatakmarkandi svæði utan um mikilvæga áfangastaði eins og skólana. Hins vegar er erfitt fyrir Akureyrarbæ sem sveitarfélag að takmarka notkun rafhlaupahjóla og vespa sem eru í einkaeigu, án frekari lagasetningu. Í Noregi er til dæmis börnum undir ákveðnum aldri ekki heimilt að vera á rafhlaupahjólum en rannsóknir hafa sýnt það að börn undir 12 ára aldri skynja hraða ekki á sama hátt og fullorðin fólk [18]. Með tilliti til þess er mikilvægt að styrkja forvarnir og fræðslu meðal foreldra um hættur þess að börn séu á rafhlaupahjólum. Eins mætti styrkja fræðslu meðal unglinga um hættur rafhlaupahjóla og mikilvægi hjálmanotkunar.

Samkvæmt nýjum umferðarlögum tilheyra rafhlaupahjól sérstökum ökutækisflokki smáfarartækja og eru hönnuð til aksturs frá 6 – 25 km/klst. Í lögnum er tekið fram að leyfilegt er að aka rafmagnshlaupahjólum á hjólastíg, gangstétt og göngustígum og á götu eða akbraut þar sem hámarkshraðinn er 30 km/klst. eða lægri og ekki er leyfilegt að breyta rafhlaupahjólunum til að komast hraðar en 25 km/klst. Samkvæmt lögnum, verða ökumenn á rafhlaupahjóli að hafa náð 13 ára aldri, mega ekki nota hjól eftir að hafa neytt áfengis/vímefna og mega ekki nota snjalltæki eða farsíma við akstur. Einnig er tekið fram að ökumenn rafhlaupahjóla þurfa að virða almenn umferðarlög eins og að stoppa á rauðu ljósi o.fl. og ökumenn undir 16 ára aldri þurfa alltaf að nota hjálm á rafhlaupahjóli [30].

3.9 Almenningsamgöngur


Engin slys voru skráð í tengslum við almenningssamgöngur í sveitarfélaginu. Hins vegar má ekki gleyma því að ef öll ferð vegfarenda í strætó er tekin til skoðunar er helst að slys verði á leiðinni að og frá strætóstöð, sem óvarinn vegfarandi.

Strætisvagnar Akureyrar (SVA) annast almenningssamgöngur á Akureyri. Gjaldfrjálst er að ferðast með stætisvögnum Akureyrar. Leiðarkerfið telur sex leiðir sem ná til allra hverfa bæjarins sem byrja og endað í miðbænum. Fimm leiðir keyra alla virka daga flestar á klukkutímabreesti frá kl. 6:25 – 22:59 en mismunandi er eftir leiðum á hvaða tímabili þær keyra og er ein leið sem keyrir um helgar.

SVA rekur einnig ferlipjónustu fyrir fatlaða og aldraða einstaklinga sem ekki geta nýtt sér þjónustu SVA.

Landsbyggðarstrætó stoppar á Strandgötu hjá Hofi á Akureyri. Leið nr. 57 keyrir alla daga milli Akureyrar og Reykjavíkur. Leið nr. 56 keyrir 5 daga vikunnar á milli Akureyrar og Egilsstaða, leið nr. 78 keyrir alla daga á milli Akureyrar og Siglufjarðar. Leið nr. 79 keyrir alla daga á milli Akureyrar og Húsavíkur.

Fyrirhugaðar eru breytingar á staðsetningu stoppistöðvar í miðbænum en samþykkt hefur verið að staðsetja nýja stoppistöð á Borgarbraut á mótis við Glerártorg [31].



MYND 316 Leiðakerfi innanbæjarleiða á Akureyri, [32], ásamt leiðakerfi fyrir landsbyggðarstrætó [33].



3.10 Samantekt um óvarða vegfarendur

Til að tryggja öryggi óvarinna vegfarenda er mikilvægt fyrsta skref að lágmarka aksturshraða við þveranir. Þá er mikilvægt að skoða aðgerðir eins og upphækkaðar gangbrautir og í sumum tilfellum þrengingar. Þá er mikilvægt að lýsing á göngu- og hjólastígum sé fullnægjandi, sér í lagi við þveranir. Til að minnka líkur á fallslysum og auka aðgengi allra vegfarendahópa þarf að sjá til þess að viðhaldi stíga sé sinnt, auk almennrar þjónustu svo sem snjóhreinsun og sópun. Þá er mikilvægt að auka fræðslu til foreldra og unglinga varðandi hættur á vespum og rafhlaupahjólum og ýta undir hjálmanotkun.


Hvað gönguleiðir skólabarna varðar er mikilvægt að reyna að lágmarka bílaumferð í kringum skólana. Slíkt er hægt að gera meðal annars með aðgerðum sem nefndar eru í kafla 3.4. Á nokkrum stöðum gæti einnig verið æskilegt að skoða hvort unnt sé að koma fyrir skutlvasa nálægt skólanum en þó þannig staðsettir að ekki er þörf fyrir akandi foreldra að fara inn á skólalóð eða bílastæði.

ÓVARÐIR VEGFARENDUR – ALMENNAR AÐGERÐIR

- Almennt séð þarf að tryggja að hraði við göngupveranir sé lágur, 30 km/klst. eða undir. Þetta er hægt að gera með hraðatakmarkandi aðgerðum við helstu þveranir. Hér skal sérstaklega horfa til gönguleiða skólabarna.
- Ekki staðsetja nýjar göngupveranir yfir vegi og götur þar sem hraði er hærri en 50 km/klst. Ef því er ekki viðkomið væri æskilegast að hafa þær þveranir mislægar eða ljósastýrðar.
 - Þar sem þverun er yfir götu þar sem hraði er 50 km/klst. eða meira er æskilegt að hliðfæra gönguleiðinni.
- Fjarlægja ætti göngupveranir þar sem tvær eða fleiri akreinar eru í sömu akstursstefnu.
 - Fjarlægja þarf þær þveranir, fækka akreinum eða setja milli – miðeyjur.
- Gæta þarf að því að lýsing sé góð við þveranir og að sérstök gangbrautarlýsing sé beggja vegna götunnar.
- Umferðarfræðslu þarf að auka til barna sem í æ auknari mæli eru að fresta bílprófi og eru á farartækjum sem geta náð töluverðum hraða og fleiri aka án þess að hafa bílbelti.
- Mælt er með að strætóstöðvar séu eftir gatnamót frekar en fyrir og að þveranir séu aftan við vagna í að minnsta kosti 5 m fjarlægð. Ef þveranir eru framan við stöðvar skulu þær vera staðsettar í 15 m fjarlægð frá stoppi.
- Mælt er með samstarfi við leiguaðila rafhlaupahjóla þar sem meðal annars eru skoðaðir möguleikar á því að setja „geofencing“, sem hægir á leigu-rafhlaupahjólum í kringum mikilvæga áfangastaði í sveitarfélaginu og gefa leigjendum afslátt sem að leggja rafhlaupahjólunum „rétt“ eða á staði sem hindra ekki aðgengi annarra.
- Lagt er til að haldnir verði reglulegir fræðslufundir meðal eldri borgara um samspil heilsu og umferðaröryggis á eldri árum.
- Lagt er til að gert verði fræðsluefni sem hægt er að afhenda foreldrum barna um öruggustu leiðina í skóla og æskilegar staðsetningar til að sleppa/sækja börnin.
- Gæta þarf að fallslysum meðal eldra fólks og annarra gangandi vegfaranda. Mælt er með að aðstæður við þveranir (niðurtektir) séu metnar við reglulegt viðhald á gatna-stíga eða lagnakerfi og farið í aðgerðir samhliða þeim.
- Gæta þarf að fallslysum meðal hjólandi og rafskútu vegfaranda. Mælt er með að aðstæður við stíga séu metnar við reglulegt viðhald og aðstæður lagfærðar þar sem
 - vatn nálægt stíg er dýpra en 0,5 m.
 - Flái er brattari en 1:1,5 og hæðarmunur er meiri en 1 m.
 - Þar sem flái er brattari en 1:3 og hæðarmunur er meiri en 2 m

4 AKANDI VEGFARENDUR


Af 1.154 slysum á Akureyri voru um 911 þeirra slys milli ökutækja eða einslys ökutækja. Flest slysin eru þar sem ekið er á kyrrstætt ökutæki (351), en slík slys gerast mikið til á bílastæðum. Í bílslysunum voru 1.977 manns sem slösuðust og þar af voru 1.581 ökumaður og 396 farþegar. Á Mynd 32 má sjá að flestir slasaðir ökumenn eru á aldrinum 18-29 ára, en þá ber líka að nefna að það er ekki jafn mörg aldursbil í öllum aldursflokkunum. Hlutfallslega er því algengara að ökumenn á aldrinum 18-29 ára séu í bílslysum en aðrir aldursflokkar.



MYND 32 Slasaðir ökumenn og farþegar í bílslysum á Akureyri 2019-2023.

4.1 Þjóðvegir - vegir Vegagerðarinnar

Á árunum 2019-2023 urðu alls 186 umferðarslys á götum í eigu Vegagerðarinnar og þar af voru 173 þeirra milli eða meðal ökutækja. Af þeim voru 145 óhöpp án meiðsla, 23 slys með litlum meiðslum og 5 slys með alvarlegum meiðslum.




MYND 33 Staðsetning bílslys á Vegagerðarvegum innan Akureyrar, á árunum 2019-2023.

Sjá má ákveðna þyrpingu slysa með meiðslum og þá ber helst að nefna við gatnamót

- Glerárgötu og Strandgötu – flest slysa við öll gatnamót í sveitarfélaginu og mörg hver vegna óvarinna vinstri beygja. Einnig eitthvað um akstur gegn rauðu ljósi.
- Hörgárbraut og Undirhlíð – aðallega óhöpp en alvarleg slys á óvörðum vegfarendum.
- Glerárgötu og Tryggvabrautar – nokkur gatnamótaslys með litlum meiðslum þar sem orsök er akstur gegn rauðu ljósi en einnig töluvert af aftanákeyrslum.
- Leiruvegur – Drottningarbraut – nokkuð um óhöpp þar sem biðskylda er ekki virt.

Eins má sjá að þó nokkur slys/óhöpp eru við hringtorg Hörgárbrautar/Hringvegar og Síðubrautar þar sem ekið er á vegbúnað. Mikilvægt er að innan öryggissvæðis gatna og vega séu ekki fastar hindranir, það er hindranir sem valda alvarlegum áverkum ef á þær er ekið eða hjólað [34]. Fastar hindranir eru til dæmis bygging, veggur, stórgrýti, óeftirgefanlegir stólpar o.s.frv. Að sama skapi er ekki mælt með föstum hindrunum innan miðeyja hringtorga þar sem ökumenn sem missa stjórn á bílnum sínum geta endað í miðeyju, óháð hæð kantsteins. Þá segir einnig í leiðbeiningum um hönnun hringtorga að ljósastaurar eigi að vera staðsettir við inn-og útkeyrslur en þar er síst ekið á þá (Mynd 34). Sjá má til dæmis að ljósastaurar við gatnamót Hörgárbrautar og Síðubrautar eru staðsettir innan við


aksturssvæði hringtorgsins. Þá má einnig velta fyrir sér hvort yfirkeyranlegur kantsteinn geti verið að auka hættu á því að ökumenn fari yfir kantinn og á ljósastaurinn. Hér vantar einnig lýsingu við þverun gangandi og hjólandi yfir Hringveginn/Hörgárbraut.



MYND 34 Svæði á miðeyju hringtorga þar sem t.d. má setja gróður eða annað sem uppfyllir kröfur um öryggissvæði vega [35].


Í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar er öryggissvæði slíkra vega og gatna 4 m breitt [34]. Það er, engar fastar hindranir eiga að vera í 4 m fjarlægð frá slíkum vegum og götum. Þá skiptir hæð kantsteins ekki máli í slíkum tilfellum kantsteinar þjóna ekki sem hindrun fyrir stjórnlaus ökutæki [34].

Líkt og sést af Mynd 35 þá er stærstur fjöldi slysa á Vegagerðarvegum aftanákeyrslur (ökutæki á leið í sömu átt). Alls voru það 66 aftanákeyrslur og þar af voru 57 þeirra óhöpp (86%) og 9 (14%) með litlum meiðslum.



MYND 35 Tegund slysa eftir alvarleika á Vegagerðarvegum á Akureyri á árunum 2019-2023.

Einungis eitt slys var skráð þar sem ekið var á kyrrstætt ökutæki á fimm ára tímabilinu. Þá er einnig hægt að sjá að stór hluti slysanna eru slys þar sem einn aðili á þátt í slysinu. Af einslysum voru 41 án meiðsla, 6 með litlum meiðslum og 2 alvarleg.




MYND 36 Tegund bílslysa á vegum Vegagerðarinnar á árunum 2019-2023.

Einhver slysanna eru á milli ökutækja sem ekið er í gagnstæða átt (26 slys) en 1 þeirra var með alvarlegum meiðslum. Þó er mikilvægt að minnst á mikilvægi þess að aðskilja akstursstefnur, sérstaklega þar sem hraði er hærri en 70 km/klst. en rannsóknir sýna að líkur á alvarlegum og banaslysum í framanákefslum aukast við hærri hraða [36] [37]. Stærð og þyngd ökutækja hefur að sjálfsögðu mikið með þetta að segja líka, líkt og áður sagði.

4.2 Innanbæjargötur

4.2.1 Akureyrarbær

Alls urðu 858 slys á ökutækjum á götum Akureyrarbæjar árin 2019-2023. Flest þeirra voru án meiðsla (766), 81 voru með litlum meiðslum og 11 alvarleg (sjá **MYND 37**).




MYND 37 Tegund bílslysa eftir alvarleika á götum Akureyrarbæjar á árunum 2019-2023.

Niðurstöðurnar sýna einnig um 110 slys á óvörðum vegfarendum á götum Akureyrar en fjallað er sérstaklega um þá vegfarendur í kafla 3.

4.2.2 Aðrir þéttbýliskjarnar

Þrjú slys urðu á fimm ára tímabili í Grímsey og Hrísey. Eitt slysanna var, eins og áður sagði, fall af hjóli, en hin tvö voru slys þar sem ekið var út af vegi.




MYND 38 Slys í Hrísey (til vinstri) og Grímsey (til hægri) á fimm ára tímabili. Tvö alvarleg slys áttu sér stað og bæði vegna útafaksturs.

4.2.3 Gatnamót

Út frá slysagreiningu má sjá ákveðin gatnamót sem vert er að fara í aðgerðir á, eins og:

- Þingvallastræti og Dalsbraut – þó nokkuð um óhöpp við beygju inn í gatnamótin. Þá eru þar einnig slys á óvörðum vegfarendum sem eru alvarleg.
- Borgarbraut og Dalsbraut – þó nokkur slys við beygju inn í gatnamótin og nokkur slys á óvörðum vegfarendum. Hraðakstursgreining leiddi einnig í ljós töluverðan hraða á Borgarbraut (sjá kafla 4.2.4).
- Hlíðarbraut – Austursíða – flest slysanna eru vegna áreksturs við beygju inn í gatnamótin og þá virðist sem að orsökina sé vegna vinstri beygja.
- Miðhúsabraut – Þórunnarstræti – flest slysanna eru á óvörðum vegfarendum en einnig einslys. Hér er líka töluverður hraðakstur (kafla 4.2.4).
- Þingvallarstræti – Mýrarvegur – töluvert af slysum en ekki ein tegund slysa sem stingur í stúf. Hér eru töluvert skertar sjónvegalengdir.

Almennt séð mætti fækka akreinum og skoða forgangsstýringu og þörf á vörðum vinstri beygjum við ljósastryð gatnamót. Til eru góð viðmið um hvenær eigi að setja ljósastryngu og hvenær eigi að vera með sér vinstri beygjur (sjá mynd að neðan). Með tilliti til þessara forsenda er til dæmis þörf á að verja vinstribeygjur við gatnamót Glerárgötu og Strandgötu og eru áætlanir þess eðlis nú þegar hafnar.




MYND 39 Myndin til vinstri sýnir við hvaða umferðarmagn getur verið æskilegt að setja ljósastryngu við gatnamót [38] og myndin til hægri sýnir við hvaða umferðarmagn getur verið æskilegt að hafa vinstri beygju vasa [39].

Slysgreiningin leiddi einnig í ljós að töluvert er af gatnamótaslysum með meiðslum. Flest þeirra eru óhöpp, eða 107 en þó eru um 32 slys, með litlum meiðslum eða alvarlegum/meiriháttar. Þá er mikilvægt að hafa í huga að ökutæki eru viðkvæmari gagnvart hliðarárekstrum. Með tilliti til þess er æskilegt að hraði við plangatnamót sé ekki hærri en 50 km/klst.

Líkt og áður sagði eru hringtorg alla jafna með öruggustu gerða gatnamóta fyrir akandi vegfarendur. Þó þau séu með háa óhappatíðni þá er alla jafna lítið um alvarleg slys við hringtorg. Þetta stafar aðallega af lágu umferðarhraða í hringtorgum en einnig hefur fjöldi bágapunkta³ mikið um það að segja. Fjöldi bágapunkta gefur ákveðna hugmynd um óhappatíðni gatnamóta en þau gatnamót sem hafa fáa bágapunkta hafa alla jafna lægri óhappatíðni.

³ Bágapunktur – þar sem umferðarstraumar koma saman, greinast eða skerast.



MYND 40 Fjöldi bágapunkta í einföldu hringtorgi (til vinstri), tvöföldu hringtorgi (miðja) og X-gatnamótum (hægri) [35].


Þá getur lítil fjarlægð milli gatnamóta haft sömu áhrif, en með of stuttum vegalengdum milli gatnamóta/tenginga getur það aukið fjölda bágapunkta. Því er mikilvægt að gæta vel að fjarlægð milli gatnamóta og æskilegast væri að lega, leyfilegur hámarkshraði, þversnið gatna, staðsetning hraðatakmarkandi aðgerða og fjarlægð milli gatnamóta væri ákveðið á deiliskipulagsstigi og með stuðning úr töflunni að neðan. Að sama skapi þarf að tryggja að sýn að gatnamótum og þverunum sé góð.

TAFLA 4 Æskileg fjarlægð milli tenginga í skipulagi auk m.t.t. hraða og gerð götu/gatnamóta.

GERÐ VEGAR	LEYFILEGUR HÁMARKSHRAÐI	FJARLÆGÐ MILLI GATNAMÓTA	
		Hringtorg/ljósastýrð	T-gatnamót
Tengibraut	50 km/klst.	400-500 m	150 m
	40 km/klst.	100 -200 m	100 m
	30 km/klst.	100 m	100m
Safn og húsagata	50 km/klst.	50-100 m	50-100 m
	40 km/klst.	50-100 m	Minnst 50 m
	30 km/klst.	Á ekki við	30-50 m

4.2.4 Umferðarhraði / Hraðatakmarkandi aðgerðir

Akureyrarbær hefur undanfarin ár unnið að gerð 30 km hverfa í bænum. Í dag hafa eru flest svæði innan íbúðahverfa með leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst., sjá Mynd 41.



MYND 41 Leyfilegur hámarkshraði gatna og vega á Akureyri.


Stærri götur sem og atvinnu-, verslunar- og iðnaðarsvæði hafa almennt hærri umferðarhraða. Einnig eru flestar safngötur á Akureyri með hámarkshraðann 50 km/klst. Endurskoða mætti hámarkshraða í þeim götum, þar sem skólar eru og íþróttasvæði.

Markmiðið með hraðatakmarkandi aðgerðum er að lágmarka árekstrarhraða við þveranir. Æskilegt er að hraðatakmarkandi aðgerðir séu á götum með hraða 50 km/klst. og undir [40]. Lækkun á umferðarhraða hefur mest áhrif á þá ökumenn sem keyra hraðast. Hraðatakmarkandi aðgerð stuðlar því að jafnari umferðarhraða á götum, sem aftur bætir umferðaröryggi á þeim. Reynslan hefur sýnt að hraðahindranir í einu eða öðru formi eru kostnaðarminnsta og skilvirkasta hraðatakmarkandi aðgerðin [41]. Alla jafna er miðað við að þörf sé á hraðatakmarkandi aðgerðum ef 85% hraði í götum er hærri en leyfilegur hámarkshraði (þ.e. sá hraði sem 85% ökumanna halda sig innan).

Samhliða vinnu við umferðaröryggisáætlunina var framkvæmd greining á raunhraða ökumanna, til að sjá hvar ökumenn aka yfir löglegum hámarkshraða í þeim tilgangi að finna helstu staðsetningar þar sem þörf er á hraðatakmarkandi aðgerðum. Greiningin var unnin með gögnum frá fyrirtækinu TomTom sem safnar svokölluðum „fljótandi ökutækjagögnum“ en gögnin koma frá staðsetningarbúnaði ýmissa

snjalltækja s.s. snjallsíma og leiðsögutækja⁴. Greiningartímabilið var allt árið 2023, þ.e. alla daga og allan sólarhringinn.

Almennt er markmið með hraðatakmarkandi aðgerð að minnst 85% af ökumönnum aki á hraða sem ekki fer meira en 5 km/klst. yfir leyfilegan hámarkshraða [42]. Á Mynd 42 má sjá alla götukafla sem uppfylla þessi viðmið (85% hraði < hámarkshraði + 5 km/klst.) með grænum línum og götukafla sem uppfylla ekki þessi viðmið (85% hraði > hámarkshraði + 5 km/klst.), með rauðum línum.



MYND 42 Götukaflar þar sem 85% hraði er hærri en viðmiðunarhraði, það er a.m.k. 5 km/klst. hærri en leyfilegur hámarkshraði.

Í sumum tilfellum getur verið eðlilegt að hraði sé yfir viðmiðunarhraða en til að meta hvar þörf er á hraðatakmarkandi aðgerðum er mælt með að leggja sérstaka áherslu á götur nálægt skólum og gönguleiðir skólabarna. Helstu götur þar sem sjá má að ökumenn keyra hraðar en viðmiðunarhraði eru þær götur sem liggja fjær þéttbyggða svæða.


Þá er mælt með að fylgja viðmiðum um fjarlægð milli hraðatakmarkandi aðgerða, sem sjá má í töflu 5.

⁴ Út frá fyrri TomTom greiningum má álykta að gögnin ná til um 20-30% allra ökutækja í umferðinni, en það fer eftir fjölda ökutækja hverju sinni.

TAFLA 5 Æskileg fjarlægð milli hraðatakmarkandi aðgerða með tilliti til leyfilegs hámarkshraða

LEYFILEGUR HÁMARKSHRAÐI	ÆSKILEG FJARLÆGÐ MILLI HRAÐATAKMARKANDI AÐGERÐA	HÁMARKS FJARLÆGÐ
10-20 km/klst.	~ 20 m	~ 50 m
30 km/klst.	~ 75 m	~ 75 m
40 km/klst.	~ 100 m	~ 150 m
50 km/klst.	~ 150 m	~ 250 m

Fjöldi beiðna berst sveitarfélaginu á hverju ári um hraðatakmarkandi aðgerðir. Þá verður að taka tillit til þess að ekki er hægt að setja hraðahindrun alls staðar og þá þarf að taka tillit til vagnstjóra almenningsvagna og velja hentugar aðgerðir á þeirra leiðum, í samræmi við Mynd 43.

**MYND 43** Æskilegar hraðatakmarkandi aðgerðir á leiðum almenningsvagna [11].

Á Þingvallarstræti eru tvær akreinar í sömu akstursstefnu, sem getur ýtt undir hraðakstur. Umferðartölur benda þó til þess að ekki sé þörf á fleiri en einni akrein í hvora akstursstefnu. Gert er ráð fyrir stofnstíg fyrir hjólréiðar við Þingvallarstræti, og með því að fækka akreinum mætti skapa meira rými fyrir óvarða vegfarendur í götukassanum. Slík breyting gæti einnig dregið úr hraðakstri.

4.2.5 Æskilegur hraði á innanbæjargötum

Eins og áður hefur komið fram hefur hraði veruleg áhrif á umferðaröryggi. Því meiri sem hraðinn er, þeim mun meiri líkur eru á að slys verði alvarlegt – og jafnframt aukast líkurnar á að slys verði yfir höfuð. Því er mikilvægt að ákvörðun um leyfilegan hámarkshraða taki mið af umhverfi, einkennum og vegfarendum sem um götuna fara. Við val á leyfilegum hámarkshraða skal taka mið af [36, 43]:

- Einkennum/eðli umhverfis við veginn
- Vegfarendum sem ferðast um veginn.
- Veghönnunarþáttum eins og þverhalla, lágmarks beygjuradíus og vegsýn
- Fjarlægð milli vegtenginga
- Umhverfispáttum eins og hljóðvist og útblæstri
- Slysasögu yfir 3-5 ára tímabil

Æskilegt er að fara í greiningu á hverjum götukafli og skoða aðstæður gaumgæfilega til að meta hvort þar eigi að lækka, eða í undantekningar tilfellum, hækka leyfilegan hámarkshraða. Þá er til að byrja með hægt að horfa á viðmiðin í töflunni neðan.

TAFLA 6 Viðmið um leyfilegan hámarkshraða í götu eftir einkenni byggðar [44].

	Húsagötur, skólasvæði, leiksvæði, miðsvæði og torg. Gangandi vegfarendur þvera götur í plani. Samsíða bílastæði og mögulega bakkað út í götur. Hraðatakmarkandi aðgerðir á um 75 m fresti.
	Safngötur, miðsvæði og torg. Gangandi vegfarendur þvera götur í plani. Samsíða bílastæði, æskilegat að ekki sé bakkað út í götu. Hraðatakmarkandi aðgerðir á um 100 m fresti.
	Safngötur, stofnvegir Gangandi vegfarendur þvera í plani á gatnamótum. Samsíða bílastæði, ekki bakkað út í götu. Hraðatakmarkandi aðgerðir á um 150 m fresti.
	Stofnvegir Gangandi vegfarendur þvera mislægt eða á umferðarljósum. Engin bílastæði við götukanta, né hraðatakmarkandi aðgerðir. Við gatnamót eru hringtorg, ljósastýring með vörðum vinstri beygjum eða mislæg gatnamót.
	Stofnvegir Gangandi vegfarendur þvera mislægt. Engin bílastæði við götukanta, né hraðatakmarkandi aðgerðir. Gatnamót eru hringtorg eða mislæg, eða án vinstri beygja.
	Stofnvegir Gangandi vegfarendur þvera mislægt. Engin bílastæði við götukanta, né hraðatakmarkandi aðgerðir. Gatnamót eru mislæg. Akstursstefnur eru aðskildar.

Með tilliti til forsenda í töflunni að ofan eru nokkrar götur sem skera sig úr og vert er að nefna:

- Þórunnarstræti – í dag er þar 50 km/klst. og margar innkeyrslur eru við götuna, leikskóli, menntaskóli, sjúkrahús og áætlanir um stofnstíg meðfram götunni. Hér væri æskilegt að lækka hraða niður í 40 km/klst. og jafnvel í 30 km/klst. norðan Þingvallarstrætis.
- Hluti Dalsbrautar – þveranir eru í plani og þar mætti lækka hraða í 40 km/klst.
- Þingvallastræti – frá Mýrarvegi að Kaupvangsstræti hefur yfirbragð 30 km/klst. götu og vestan Mýrarvegar með yfirbragð 40 km/klst. götu.
- Mýrarvegur norðan Þingvallarstrætis ætti að vera 30 km/klst. og sunnan Þingvallarstrætis hefur yfirbragð götu með 40 km/klst.

4.2.6 Auglýsingaskilti við vegi

Auglýsingaskilti með myndböndum hafa verið að aukast töluvert undanfarin ár. Meginmarkmið auglýsinga er að fanga athygli. Það getur haft áhrif á öryggi vegfarenda þegar auglýsingar draga athygli ökumanna frá akstri. Notkun stafrænna skilta til þess að miðla auglýsingum hafa aukinn mátt til að ná athygli ökumanna. Almenn séð hafa rannsóknir sýnt að ökumenn líta oftar og lengur á stafræn-auglýsingaskilti heldur en prentuð auglýsingaskilti. Þá hefur breyting á birtustigi (eins og skipting milli auglýsinga á ljósa-skiltum) sömu áhrif á ökumenn. Vegna þessa styttest bæði öryggisvegalengdin (e. safety buffer) og viðbragðstími í hlutfalli við þann tíma sem ökumaður er ekki með athyglina á akstrinum. Því minni athygli við akstur því styttri tíma hefur ökumaður til að bregðast við og meiri líkur verða á slysi eða óhappi ef eitthvað óvænt gerist í akstrinum (t.d. ökutæki fyrir framan hemlar skyndilega) [45, 46, 47].

Ekki er hægt að fullyrða að auglýsingaskilti auki líkur á umferðarslysi en athygli ökumanns er sannarlega beint að öðru en akstri þegar ekið er fram hjá auglýsingaskilti. Með tilliti til þess er mikilvægt að settar séu skorður og reglur um það hvar slík skilti megi staðsetja og hvar ekki.

Akureyrarbær hefur samþykkt um skilti og auglýsingar í lögsögu Akureyrarbæjar [48]. Í þeirri skiltasamþykkt er minnst á hreyfiskilti. Hins vegar er mikilvægt að minnst á að auglýsingaskilti við vegi skulu ekki innihalda blikkandi, snúnings, púlsandi eða breytilegt ljós.

AKANDI VEGFARENDUR

- Til að lágmarka alvarleika gatnamótaslysa er æskilegt að leyfilegur hámarkshraði við plangatnamót sé ekki hærri en 50 km/klst.
- Lagt er til að endurskoða leyfilegan hámarkshraða á innanbæjargötum og lækka hann þar sem við á.
- Þar sem möguleiki er á framanákeyrslu er vænlegast að aðskilja akstursstefnu og tryggja að raunhraði sé ekki hærri en 70 km/klst.
- Til að lágmarka líkur á alvarlegum meiðslum við einslys er mikilvægt að leggja áherslu á hálkuvarnir og örugg hliðarsvæði. Þ.e. að gæta að fláum og staðsetningu vegriða.
 - Þá er æskilegt að gæta að því að ekki séu fastar hindranir innan öryggissvæða gatna eða á miðeyjum hringtorga.
- Þá þarf að endurskoða forgangsstýringu gatnamóta þar sem umferðarmagn er komið að þolmörkum varinna vinstri beygja.
- Skoða má að breyta einhverjum plangatnamótum í hringtorg.

5 ÍBÚASAMRÁÐ

Í nóvember 2024 sendi Akureyrarbær út könnun þar sem íbúar voru hvattir til þess að koma með athugasemdir um varasama staði og hindranir í gatnakerfinu. Könnunin var rafræn og gátu íbúar komið með fleiri en eina athugasemd og bent á hættustaði, staði þar sem þeir upplifa varasama í umferðinni. Alls bárust tæplega 700 athugasemdir og voru þær flokkaðar í eftirfarandi flokka:


- Hættuleg gatnamót, forgangsstýring
- Óvarðir vegfarendur – vantar stíga eða þveranir
- Hröð umferð
- Mikil umferð
- Erfiðar sjónvegalengdir
- Lýsing ábótavant
- Viðhald ábótavant
- Annað

Niðurstöður könnunarinnar má sjá á Mynd 44.

Þá voru einnig nokkrar athugasemdir sem voru almennt um umferðaöryggi í sveitarfélaginu. Til dæmis má nefna að bent var á að oft væri hálta eftir snjómokstur og að almennt væri lýsingu ábótavant í sveitarfélaginu. Þá var einnig mælt með að setja endurskinsborða á bekkir til að vekja athygli á þeim og að endurskoða mætti hámarkshraða innan sveitarfélagsins.

Mikið til voru íbúar að benda á sömu staðina þar sem öryggi er ábótavant. Sem dæmi má nefna:

- Allmargar athugasemdir sneru að umferðarljósum við Lundarskóla og að þar væri ávallt rautt ljós og akandi færu yfir á rauðu.
- Strætóstöð við Merkigil og að þar mætti bæta aðstæður og þverun yfir götuna.
- Gatnamót Hlíðarbrautar og Austursíðu voru einnig nokkuð oft nefnd og þá helst vegna þess hve erfitt það er að taka vinstri beygjur.
- Töluvert af athugasemdum vegna Skarðshlíðar og Höfðahlíðar og að þar mætti bæta aðstæður fyrir óvarða vegfarendur.
- Töluvert af athugasemdum voru í Naustahverfi er sneru að skertum sjónvegalengdum við gatnamót og tengingar.



MYND 44 Athugasemdir íbúa Akureyrarbæjar um umferðaröryggi. Staðsetning og flokkar.

Í einhverjum tilfellum innihélt athugasemd fleiri en eitt atriði og féll sú athugasemd undir fleiri en einn flokk. Í töflunni að neðan (Tafla 7) má sjá að samtals voru 1.227 atriði sem bent var á af 697 athugasemdum.

TAFLA 7 Öll atriði sem bárust í íbúasamráði Akureyrarbæjar varðandi umferðaröryggi, desember árið 2024.

YFIRFLOKKUR	FJÖLDI ATRIÐA
Hættuleg gatnamót	119
Óvarðir vegfarendur – vantar stíga eða þveranir	479
Hröð umferð	183
Mikil umferð	51
Skertar sjónvegalengdir	172
Lýsingu ábótavant	112
Viðhald ábótavant	43
Annað	42
Almennt	26
Samtals	1.227

6 FRÆÐSLA OG HVATNING

Samkvæmt umferðarlögum skal umferðarfræðsla fara fram á öllum skólastigum (112. gr, 1. mgr) og því mun Akureyrarbær sjá til þess að sú fræðsla fari fram í sveitarfélaginu.

Samgöngustofa heldur úti umferðarskóla (vef) fyrir elsta hóp leikskólabarna⁵. Leikskólar sjá um umferðarskólann sjálfir, skrá þátttöku og fá sent viðurkenningaskjal og bók fyrir börnin auk litabókar með skilaboðum til foreldrana.

Samgöngustofa heldur einnig utan um umferðarvefinn sem ætlaður er grunnskólabörnum⁶. Þar er að finna fjölbreytt og aldursmiðað námsefni fyrir nemendur á yngsta, mið- og unglingastigi grunnskólans.

Virkja ætti vistvænar samgöngur innan leik-og grunnskóla bæjarins og leggja áherslu á göngu- og hjólamenningu innan skólanna, þá á öllum skólastigum. Kynna fyrir nemendum hjóla- og göngustíga tengingar við skólana og leggja áherslu á að nota góða og örugga stíga. Með tilliti til þess er mikilvægt að umferðarfræðsla sé inn í námskrá grunnskólanna, sérstaklega þar sem það er að verða algengara að unglingar taka ekki bílpróf og fá þ.a.l. ekki viðeigandi umferðarfræðslu.

Mikilvægt er að halda fræðslunni gangandi á öllum stigum leik-og grunnskóla. Samgöngustofa hefur einnig verið með umferðarfræðslu í kennaranáminu til að vekja athygli kennara á mikilvægi þessarar fræðslu því kennsla á þessu sviði hefur vantað inn í grunnskólana.

6.1 Leikskólar

Á leikskólastigi er starfræktur Umferðarskólinn en hann er hugsaður fyrir elstu hóp leikskólabarna. Í þeim skóla er fjallað um öryggi barna í bíl, hvernig best sé að þvera götur, hvar sé öruggt að hjóla og leika sér. Allir leikskólar geta tekið þátt og fá þá sendar leiðbeiningar, glærur, handrit og viðurkenningarskjal fyrir hópinn sem og litabók með skilaboðum til foreldra [49]. Leikskólar á Akureyri eru nú þegar ötulir að halda uppi umferðarfræðslu á skólatíma og fá til þess gögn send frá Samgöngustofu og í sumum tilfellum er umferðarfræðsla kennd með aðstoð frá Lögreglu. Auk þess fer Lögreglan á Akureyri í leikskóla í sveitarfélaginu á vorin ár hvert, kennir börnum á öryggisbúnað og tekur út hjólabúnað. Börn frá límmiða á hjólabúnað eftir úttekt.

⁵ <https://www.umferd.is/leikskoli>

⁶ <https://www.umferd.is/grunnskoli>

Mikilvægt er að leggja áherslu á að tryggja réttan öryggisbúnað hjá leikskóla börnum. Huga þarf að því að öryggisbúnaður passi bæði barni og bíl og hefur Samgöngustofa útbúið bæklinga á 6 tungumálum til leiðsagnar og upplýsinga fyrir foreldra um öryggi barna í bíl [50]. Lagt er til að slíkir bæklingar verði tiltæki á öllum menntastofnunum Akureyrarbæjar.

6.2 Grunnskólar


Líkt og fyrir leikskóla hefur Samgöngustofa einnig útbúið náms- og fræðsluefni fyrir grunnskóla. Markmiðið er meðal annars að nemendur kunni skil á umferðarreglum og merkjum, hafi fengið þjálfun í notkun reiðhjóls, þekki til helstu atriða slysavarna, átti sig á nauðsyn þess að sýna örugga og ábyrga hegðun í umferðinni og þekki hvar þau megi leita helstu upplýsinga. Umferðarfræðsluna má samþætta við aðrar námsgreinar og er nú að finna í aðalnámskrá grunnskólanna og því munu grunnskólar á Akureyri sinna þeirri fræðslu. Á heimasíðunni umferd.is má finna námsefni sem gagnast getur kennurum.

6.3 Aðrar menntastofnanir

Reglulega gerir Samgöngustofa kannanir á viðhorfi fólks til aksturshegðunar. Niðurstöður undanfarin ár hafa verið á þá leið að hægt er að sjá ákveðna viðhorfsbreytingu hjá fólki gagnvart þáttum sem hafa með umferðaröryggi að gera.


Í nýjustu könnuninni, framkvæmd árið 2024, kom meðal annars fram að þeim hefur fækkað sem segjast alltaf notast við bílbelti. Þegar betur er að gáð má sjá að mest viðhorfsbreyting er meðal yngri vegfarenda, milli 18-24 ára [51].

Beltanotkun - eiga það til að sleppa beltinu - 2024





MYND 45 Ökumenn og farþegar sem eiga það til að sleppa því að notast við bílbelti eftir aldursflokkum.

Þá má einnig sjá að *einungis* 52% vegfarenda finnst óásættanlegt að aka yfir leyfilegum hámarkshraða innanbæjar en þróunin er hins vegar jákvæð. Engu að síður væri óskandi að hlutfallið væri hærra og að fleiri telji óásættanlegt að aka yfir leyfilegum hámarkshraða.



MYND 46 Viðhorf fólks til þess að aka yfir leyfilegum hámarkshraða innanbæjar undanfarin ár.

Þá má einnig sjá ákveðna þróun í að þeim fækkar sem finnst óásættanlegt að ekið sé eftir að hafa smakkað áfengi og að fleiri finnst það ekki hættuleg hegðun að eiga við símann sinn, við akstur.



MYND 47 Niðurstöður könnunar um hversu ásættanlegt fólki finnst að aka eftir að hafa smakkað áfengi (vinstri) og að eiga við símann sinn á meðan á akstri stendur (hægri).

Með tilliti til ofangreindra niðurstaða fer Samgöngustofa að öllum líkindum í átak, sérstaklega varðandi niðurstöður bílbeltanotkunar yngra fólks. Þá er mælt með að æðri menntastofnanir á Akureyri (mennta-og háskóli) komi skilaboð áleiðis til sinna nemenda og hugað verði að átaki innan skólanna.

6.4 Íbúar

Lagt er til að sendur verði reglulega nýr og uppfærður bæklingur á hvert heimili í sveitarfélaginu þar sem garðeigendur eru hvattir til að hirða um gróðurinn svo hann skyggi ekki á vegfarendur. Þá væri æskilegt að í þeim bækling séu íbúar minntir á að samkvæmt Byggingarreglugerð mega skjólveggir ekki vera hærri en því sem nemur fjarlægð þeirra frá lóðarmörkum [52]. Almennt séð er ekki mælt með notkun umferðarspegla nema í undantekningar tilfellum, en þeir geta skapað falska öryggiskennd til dæmis þegar dimmt er og illa sést á þá [53].

6.5 Samantekt fræðsla og hvatning

Mikilvægt er að fræðslu sé haldið áfram inni í leik-og grunnskólum og eins til foreldra barna. Æskilegt væri að farið verði í sérstakt átak er varðar rafhlaupahjól og hættunar kynntar vel fyrir bæði börnum og foreldrum.

Þá er mikilvægt að hvetja áfram til hjálmanotkunar og notkun endurskina. Eins er mikilvægt að horft sé til eldri unga fólksins og gert átak í bílbeltanotkun þeirra og notkun símtækja undir stýri.

FRÆÐSLA OG HVATNING

- Gæta þarf að því að fræðsluefni sé á fleiri tungumálum en íslensku.
- Umferðarfræðslu sé sinnt í grunnskólum.
- Umferðarfræðsla til foreldra um öryggi barna í ökutækjum og rétta notkun á öryggisbúnaði eins og hjálmum og endurskinsmerkjum.
- Auka þarf fræðslu til yngra fólks varðandi beltisnotkun.
- Auka þarf fræðslu um hættur þess að aka yfir leyfilegum hámarkshraða.
- Auka þarf fræðslu um hættur þess að eiga við farsíma og önnur snjalltæki og skjái á meðan á akstri stendur.
- Auka þarf fræðslu og meðvitund hjá foreldrum um hættur við rafhlaupahjól yngri vegfarenda
- Bæklingur um gróður/skjólveggi á lóðarmörkum sé útbúinn og sendur út reglulega til íbúa.

7 MARKMIÐ OG ÁHERSLUATRIÐI

Markmið Akureyrarbæjar í umferðaröryggismálum eru fjögur. Markmiðin taka mið af áherslum sveitarfélagsins en einnig af áherslum á landsvísi sem endurspeglast einna helst í markmiðum umferðaröryggisáætlun ríkisstjórnarinnar og breyttum ferðavenjum.

Markmið Akureyrarbæjar eru eftirfarandi:

- Fækka látnum og alvarlega slösuðum að jafnaði um 5% á ári til ársins 2030.

Undirmarkmið umferðaröryggisáætlunar eru að:

- Engin börn, 14 ára og yngri, látist í umferðinni, líkt og undanfarin ár.
- Alvarlega slösuðum og látnum gangandi vegfarendum fækki árlega um 5%.
- Alvarlega slösuðum og látnum hjólandi vegfarendum fækki árlega um 5%.
- Alvarlega slösuðum og látnum ökumönnum fækki árlega um 5%.
- Leggja áherslu á umferðarfræðslu barna og ungmenna

Við endurskoðun umferðaröryggisáætlunarinnar ætti árangur þessara markmiða að vera metinn.

8 FRAMKVÆMDAÁÆTLUN OG FORGANGSVERKEFNI

VEGHALDARI

Veghaldari: Sá aðili sem hefur veghald vegar.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega. Sem dæmi er Vegagerðin með veghald á Tryggvabraut og Hörgárbraut/Glerárgötu/Drottningarbraut á Akureyri (sjá <https://umferd.vegagerdin.is/>).

Sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega.

Verkefni voru skilgreind út frá þeirri greiningarvinnu sem áður hefur verið unnin, út frá ábendingum íbúa, frá greiningu slysa, frá greiningum á hraðaakstri og frá samráðsfundum. Verkefnin voru flokkuð í eftirfarandi flokka; óvarðir vegfarendur, innanbæjargötur, þjóðvegi (Vegagerðin), almenningssamgöngur og fræðslu og hvatningu.

Heildar aðgerðalista má sjá í viðauka C, en í kafla 8.1 er samantekt yfir forgangsverkefni næstu ára og yfirlitskort sem sýnir staðsetningu verkefna. Hafa ber í huga að verkefnin eru mörg og ekki öruggt að unnt verði að framkvæma þau öll, því fjöldi og umfang framkvæmda er háð fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og veghaldara.

Æskilegt væri til að byrja með að leggja áherslu á gönguleiðir skólabarna og öryggi þeirra í kringum skóla, íþróttasvæði og stoppistöðvar strætó. Akureyrarbær hefur verið natinn við að bæta lýsingu við gönguþveranir og gatnamót og mun halda því áfram í samræmi við aðgerðalista.

Jafnframt að leggja áherslu á skjólveggi og gróður og að það skyggi ekki á vegfarendur. Ljóst er að sveitarfélagið mun ekki geta farið í allar framkvæmdir og því mikilvægt að framkvæmdalistinn verði vinnugagn sveitarfélagsins til að bæta umferðaröryggi til lengri tíma litið.

8.1 Forgangsverkefni

Eftirfarandi verkefni verða forgangsverkefni Akureyrarbæjar næstu árin til að ná fram bættu umferðaröryggi í sveitarfélaginu. Verkefnin snúa að bættu umferðaröryggi og í sumum tilvikum bættu umferðarflæði og afköstum til að draga úr gegnumakstri um innanbæjargötur. Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu forgangsverkefna má sjá á Mynd 48.

8.1.1 Óvarðir vegfarendur

Forgangur	Aðgerð	Staðsetning	Veghaldari	Staða
1	Bæta lýsingu við þveranir	Hlíðarfjallsvegur - Hlíðarbraut	Akureyri	Á áætlun 2025

Forgangur	Aðgerð	Staðsetning	Veghaldari	Staða
1	Færa þverun eða fækka akreinum	Þingvallastræti við Miðhúsabraut	Akureyri	
1	Skoða hraðatakmarkandi aðgerð við þverun, breyta ljósastýringu svo grænt logi alltaf á akandi nema þegar gangandi kemur	Dalsbraut milli Víðilundar og Einilundar	Akureyri	
1	Bæta lýsingu og breikka miðeyjar, hækka upp/fjarlægja hægribeygjufrahjáhlauð og lýsa upp þverun.	Gatnamót Dalsbraut-Þingvallastræti	Akureyri	
1	Fækka um eina akrein og gera göngustíg meðfram Strandgötu.	Strandgata vestan Glerárgötu	Akureyri	Í bið, samhliða breytingu á deiliskipulagi
1	Setja upphækkaða hraðahindrun - miðeyju og hafa aflanga hraðahindrun ef mikið er um stór þung ökutæki. Bæta lýsingu	Austursíða við Rimasíðu 29	Akureyri	Í vinnslu, fullnaðaraðgerðir samhliða stofnstígum
1	Setja gangstétt norðan Borgarbrautar og upphækkaða þverun með lýsingu.	Borgarbraut vestan Kiðagils	Akureyri	Þarfnast deiliskipulagsbreytingar
1	Færa þverun 10 m framan við stoppistöð - eða stoppistöð lengra norðurs. Lýsa upp beggja vegna.	Skógarlundur - Hjallallundur	Akureyri	Bætt lýsing á áætlan 2025.
1	Ekki láta gangandi þvera tvær akreinar í sömu akstursstefnu - setja miðeyju milli akreina í sömu akstursstefnu, fækka akreinum eða færa þverun	Borgarbraut vestan Skarðshlíðar	Akureyri	
1	Færa til þverun eða stytta vinstri beygju - gera þannig að þverun er ekki yfir 2 akreinar í sömu akstursstefnu. Þrengja akstursferla	Miðhúsabraut við Þórunnarstræti	Akureyri	
1	Hækka upp gangbraut og/eða miðeyja milli akstursstefna.	Hlíðarbraut við Teigarsíðu	Akureyri	Í vinnslu
1	Skoða að taka vinstri beygju akrein inn á Norðurgötu eða færa til þverun. Hækka þverun upp og mögulega bæta lýsingu.	Strandgata – Norðurgata við Hof	Akureyri	
1	Hækka upp þverun yfir Dalsbraut við hringtorg - skoða kottað jafnvel	Dalsbraut við Miðhúsabraut	Akureyri	
1	Þrengja götusnið og setja upphækkaða þverun –skoða hvort bæta þurfi lýsingu	Davíðshagi við Kristjánshaga	Akureyri	Á áætlan 2025
1	Setja upphækkaða gangbraut	Mýrarvegur við Víðilund	Akureyri	
1	Lýsa upp gangbraut og hafa skilti beggja vegna gangbrautar, mikið notuð þverun.	Lækjartún við Mýrartún	Akureyri	Í vinnslu
1	Lýsa upp þverun	Álfabyggð við Mýrarveg	Akureyri	
1	Hækka upp þverun í átt að þjónustu yfir Akurgerði	Akurgerði austan Kotárgerði	Akureyri	
1	Þrengja götuna/bæta sjónvegalengdir svo fólk sé komið lengra út í götu þegar það fer inn á Hamarstíg eða fjarlægja gróður - sem er innan lóðarmarka. Skoða lýsingu við gatnamót	Langamýri við Hamarstíg	Akureyri	Í vinnslu
1	Setja upphækkaða þverun (sjá líka aðgerð fyrir akandi)	Hamarstígur við Byggðaveg	Akureyri	Í vinnslu

Forgangur	Aðgerð	Staðsetning	Veghaldari	Staða
